

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021-2024



Fjárhagsáætlun 2021 – 2024. Greinargerð.
Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar.
Seinni umræða, 16. desember 2020.



Hafnarfjörður

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Forsendur áætlunar 2021–2024	5
Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	11
A- og B-hluti	11
A-hluti	12
Aðalsjóður	12
Fjölskyldu- og barnamálasvið	14
Mennta- og lýðheilsusvið	19
Íþróttta-, tómstunda- og lýðheilsumál	25
Menningarmál	29
Brunamál og almannavarnir	35
Hreinlætismál	35
Skipulags- og byggingarmál	36
Umferðar- og samgöngumál	38
Umhverfismál	38
Sameiginlegur kostnaður	39
Eignasjóður	42
Vatnsveita	45
Fráveita	45
Húsnæðisskrifstofa	46
Hafnarfjarðarhöfn	48
Framkvæmdaáætlun 2021	50



Inngangur

Þegar gefur á bátinn er hollt að líta inn á við og átta sig á styrkleikum sínum. Hafnarfjörður býr yfir einstökum bæjarbrag með fjölbreyttri byggð í fallegu umhverfi, lifandi hafnarsvæði, aðlaðandi miðbæ og nálægð við náttúruperlur. Í Hafnarfirði er litríkt mannlíf með metnaðarfullu menningar- og íþróttastarfi, þar sem hagsmunir barna og fjölskyldufólks eru í fyrirrúmi. Mennta- og skólamál eru með því besta sem þekkist og lögð er áhersla á að aldraðir njóti sem mestra lífsgæða. Þetta er sá kjarni sem vert er að standa vörð um þegar á móti blæs.

Óvæntur vággestur hafði viðtæk áhrif á heiminn á árinu 2020. Skæður veirufaraldur breiddi úr sér eins og sinueldur um alla veröld. Afleiðingar hafa verið óbætanlegar fyrir heilsu og líf milljóna manna, samfélög hafa lamast og efnahagslíf skroppið saman. Hér á landi hefur efnahagslega höggið verið sérlega þungt þar sem útflutningstekjur hafa dregist verulega saman, einkum af ferðaþjónustu, og atvinnuleysi rokið upp. Þetta hefur haft mikil og alvarleg áhrif á rekstur sveitarfélaga og þar er Hafnarfjörður engin undantekning. Fyrir einungis einu ári gat enginn séð þessa þróun fyrir.

Megináherslan í Hafnarfirði hefur verið á að lágmarka áhrif faraldursins á íbúa og koma í veg fyrir að efnahagsáfallið leggi klafa á bæjarfélagið til frambúðar. Það hefur verið gert með samræmdum aðgerðum sem falið hafa í sér markvissa hagræðingu, hóflegar lántökur og eignasölu. Samtímis er unnið að því að skapa farveg til þess að snúa vörn í sókn svo skjótt sem verða má. Því verður ekki slakað á í uppbyggingu og nema fjárheimildir til framkvæmda árið 2021 samtals 4.283 milljónum króna. Áfram verður unnið að uppbyggingu Suðurbafnar auk þess sem lögð verður áhersla á frágang gönguleiða o.fl. við Norðurbakka. Gatnagerð verður eflað og farið verður í endurnýjun gatnalýsingar víða í bænum. Uppbygging íþróttamannvirkja heldur áfram með endurnýjun grasvalla og annarrar aðstöðu, auk enduruppbyggingar Suðurbæjarlaugar, St. Jósefsspítala og gamla Sólvangs. Stefnt er að umtalsverðum fjárfestingum í félagslegu húsnæði. Samhliða því verður haldið áfram að nútímavæða og þróa þjónustu sveitarfélagsins á sem flestum sviðum með hagnýtingu upplýsingatækni og skýrari verkferlum. Þrátt fyrir allt þetta er ekki verið að auka álögur á íbúa og útsvarsprósenta er óbreytt milli ára.

Fjárhagsáætlun ársins 2021 liggur nú fyrir og sem fyrr er hún í tveimur hlutum. Annars vegar greinargerð og hins vegar tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A- og B-hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2021:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta neikvæð um 1.221 milljón króna.
- Skuldaviðmið 114% í árslok 2021.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta 1,7 milljarðar króna eða 5,5% af heildartekjum.
- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,48%.
- Heildarálagning fasteignagjalda lækkar með lægri fasteignasköttum og vatns- og fráveitugjöldum til að koma til móts við hækkun fasteignamats.

- Almennt er gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2021 haldist óbreytt eða hækki í takt við vísitölu.
- Áætlun gerir ráð fyrir lóðarsölu að andvirði 500 milljónir króna.
- Áætlaðar fjárfestingar nema samtals 4,3 milljörðum króna.
- Kaup á félagslegum íbúðum nema 500 milljónum króna.

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins með heildarútgjöld upp á um 31,5 milljarð króna, áætlaðan launakostnað um 16,2 milljarða króna og áætlaðan fjármagnskostnað um 1,4 milljarða króna. Árið 2019 var rekstrarniðurstaðan jákvæð sem nam 1.236 milljónum króna og 2018 einnig jákvæð um 1.129 milljónir króna.

Fjárhagsáætlun næsta árs markast af varnarbaráttu í ljósi skyndilegrar umturnunar í efnahagslífinu. Samtímis ber áætlunin með sér sóknarhug sem mögulegur er vegna markvissrar styrkingar fjárhagsstöðu bæjarins á undangengnum árum, hagræðingar í rekstri, lóðasölu og sölu eigna, m.a. HS Veitna. Þrátt fyrir að fjárhagsáætlun 2021 geri ráð fyrir tapi er lánsþörf á árinu í lágmarki, þar sem að söluandvirði hluta í HS Veitum fæst greitt á fyrstu mánuðum ársins. Gert er ráð fyrir 1.750 milljónum króna í lántökur en afborganir lána nema alls 2.030 milljónum króna, eða tæplega 280 milljónum króna umfram áformaðar lántökur. Þannig er gert ráð fyrir að skuldaviðmið verði um 114% í árslok 2021, en til samanburðar var hlutfallið 112% í árslok 2019 áður en heimsfaraldurinn skall á.

Það hefur verið óvenjulega mikið álag á starfsfólki bæjarins á flestum sviðum undanfarna mánuði og er fyrir séð að svo verði áfram um hríð. Vinnustaðir hafa raskast, vinnulagi hefur þurft að breyta og takast hefur þurft á við óþekkt verkefni og vandamál. Starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar ber að hrósa og færa sérstakar þakkir fyrir framúrskarandi framlag í þágu sveitarfélagsins og óeigingjarnt starf á erfiðum tímum. Seint verður fullþakkað hversu vel starfsfólk hefur staðið að því að vernda þjónustu við íbúa á öllum sviðum þrátt fyrir mikla óvissu. Í því felst undirstaða þess að Hafnarfjörður er sá bær sem hann er og sá bær sem við viljum búa í.

16. desember 2020



Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri

Forsendur áætlunar 2021–2024

Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2021 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2022–2024 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta eru milliviðskipti vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum jöfnuð út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum. Þau eru: Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn. Þar sem talað er um *Áætlun 2020* í þessari greinargerð er átt við áætlun með viðaukum fyrir árið 2020.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar

Útsvarshlutfall á árinu 2021 verður 14,48%. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 20,3 milljörðum króna. Um 2,5 milljarðar króna ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, eða 1,76% af útsvarsstofni, þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar rúmlega 17,8 milljarðar króna. Auk þess er gert ráð fyrir um 290 milljónum króna í eftirágreitt útsvar.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2020 en jafnframt er tekið tillit til almennra forsendna á vinnumarkaði og fjölgunar íbúa. Gert er ráð fyrir 5,6% hækkun launavísitölu á árinu 2021 og fjölgun íbúa um 1,1%. Verulega dró úr atvinnustigi á árinu 2020 vegna Covid-19 og gera má ráð fyrir að þeirra áhrifa gæti langt fram á árið 2021. Á grundvelli þessara gagna er gert ráð fyrir um 4% hækkun útsvars milli útkomuspár 2020 og 2021. Áhrifa Covid-19 gætir út allt spátímabilið en gert er ráð fyrir hægum viðsnúningi á tímabilinu.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarkaupstaður fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur fyrir og er gert ráð fyrir að fjárhæð framlaga nemi alls tæpum 2,9 milljörðum króna.

Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2021 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2020. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarkaupstaðar breytist á milli ára, samanber eftirfarandi töflu:

Fasteignamat – þús. kr.	Fasteignamat 2021	Fasteignamat 2020	Hækkun %	Fasteignamat 2019
Íbúðareignir	550.895.412	528.514.297	4,2%	489.766.853
Atvinnueignir	145.598.924	139.145.664	4,6%	127.038.744
Stofnanir samkomustaðir og	31.427.220	30.565.870	2,8%	28.416.790
Samtals	727.921.556	698.225.831	4,3%	645.222.387

Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkaði lítillega umfram verðlagsþróun á árinu 2020, eða um 3,6% á milli ára. Heildarálagning á íbúðarhúsnæði hækkar hins vegar í takt við verðlagsþróun, þar sem heildarálagningur eru lækkaðar til að mæta hækkun fasteignamats. Fasteignaskattur lækkar úr 0,26% í 0,258%, vatnsgjald lækkar úr 0,054% í 0,052% og holræsagjald úr 0,120% í 0,117%. Lóðaleiga er óbreytt, eða 0,33%.

Álagningarhlutföll fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis árið 2021 og aftur til 2018:

Íbúðarhúsnæði	Álagning 2021	Álagning 2020	Álagning 2019	Álagning 2018
Fasteignaskattar	0,258%	0,26%	0,26%	0,28%
Lóðaleiga	0,33%	0,33%	0,33%	0,36%
Holræsagjald	0,116%	0,120%	0,129%	0,137%
Vatnsgjald	0,052%	0,054%	0,058%	0,062%
Samtals	0,756%	0,764%	0,777%	0,839%

Tekjutengdur afsláttur fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega

Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Tekjuviðmið hækka sem nemur hækkun launavísitölu tekjuárs, eða um 4,9% á árinu 2019. Við útreikning afsláttar í upphafi árs 2021 er stuðst við skattframtal ársins 2019 en afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar skattframtal ársins 2020 liggur fyrir. Leiði endurskoðunin til breytinga á afslætti breytist hann vegna þeirra greiðslna sem eftir eru á árinu. Ekki er endurreiknað vegna greiðslna fram að því. Til tekna teljast bæði launatekjur (reitur 2.7. á skattframtali) og fjármagnstekjur (reitur 3.10. á skattframtali). Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og fólks í skráðri sambúð.

Töflur sýna tekjuviðmið 1) einstaklinga og 2) hjóna og fólks í skráðri sambúð:

Afsláttur	2020		2021	
%	Einstaklingar		Einstaklingar	
100%	0	5.702.000	0	5.981.000
75%	5.702.001	5.829.000	5.981.001	6.115.000
50%	5.829.001	5.955.000	6.115.001	6.247.000
25%	5.955.001	6.082.000	6.247.001	6.380.000

Afsláttur	2020		2021	
%	Hjón/fólk í skráðri sambúð		Hjón/fólk í skráðri sambúð	
100%	0	7.286.000	0	7.643.000
75%	7.286.001	7.793.000	7.643.001	8.175.000
50%	7.793.001	8.301.000	8.175.001	8.708.000
25%	8.301.001	8.806.000	8.708.001	9.237.000

Í töflu má sjá þróun afsláttar fasteignagjalda síðustu ára og áætlaðan heildarafslátt 2021:

Tekjutengdur fasteignagjalda þús. kr.	afsláttur
2021 – áætlun	115.455
2020	104.428
2019	89.549
2018	95.607
2017	45.385
2016	49.056
2015	33.136
2014	33.436

Fasteignamat atvinnueigna hækkaði í takt við verðlagsþróun, eða um 3,1% á milli ára. Fasteignagjöld á atvinnuhúsnaði eru óbreytt og hafa lækkað umtalsvert frá árinu 2017 en voru áður óbreytt frá árinu 2011.

Álagningarhlutfallið á fasteignaskatti atvinnuhúsnaðis er óbreytt frá 2020

Atvinnuhúsnaði	Álagning 2019– 2021	Álagning 2018	Álagning 2011– 2017
Fasteignaskattar	1,40%	1,57%	1,65%
Lóðafleiga	1,17%	1,295%	1,30%
Holræsagjald	0,167%	0,187%	0,195%
Vatnsgjald	0,09%	0,1%	0,105%
Samtals	2,827%	3,152%	3,25%

Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2021 hækki almennt sem nemur vísitöluhækkun. Gjaldskrá umhverfis- og skipulagsþjónustu hækkar í samræmi við hækkun byggingarvísitölu 2020. Móttökugjöld SORPU bs. munu hækka umtalsvert árið 2021 til að mæta kostnaðarauka. SORPA bs. hefur stigið stórt og framsýnt skref með vinnslu lífræns úrgangs í gas- og jarðgerðarstöðinni GAJU. Með því er stefnt í átt að aukinni sjálfbærni og kolefnishlutleysi og gegnir GAJA mikilvægu hlutverki í að innleiða hringrásarhagkerfið á Íslandi. Með því að hætta að urða lífrænan úrgang frá höfuðborgarsvæðinu er komið í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur um 90 þúsund tonnum af koltvísýringi árlega. Því er ljóst að GAJA og sú bætt úrgangsmeðhöndlun sem henni fylgir er eitt stærsta umhverfisverkefni höfuðborgarsvæðisins á 21. öldinni. Með gerbreyttri og

umhverfisvænni úrgangsstjórnun breytist einnig sá kostnaður sem felst í meðhöndlun úrgangs. Sorphirðugjald hækkar um 6.330 krónur, eða 14,8%, frá 2020, úr 42.759 krónum í 49.089 krónur, og er það gert til að gjöldin standi undir kostnaði við veitta þjónustu eins og lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 kveða á um.

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Áætlað er fyrir væntum hækkunum og sett í varasjóði viðkomandi málaflokka til að mæta óvissupáttum tengdum þeim. Sérstök óvissa ríkir um áhrif styttingar vinnuviku þar sem um vaktavinnu er að ræða en ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna dagvinnu. Jafnframt er tekið tillit til breytinga í starfsmannahaldi sem tengjast fjölda nemenda í leik- og grunnskólum, ásamt tillögum að breytingum sem gert er ráð fyrir í starfsmannahaldi á árinu 2021.

Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í launaáætlunarkerfi H3. Lögð verður áhersla á virkt eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði, veikindum og fjölda stöðugilda en með réttum verkfærum verður sú vinna markvissari. Í október 2016 voru samþykktar nýjar reglur um fjarvistir og starfsendurhæfingu vegna veikinda eða slysa starfsfólks. Með markvissri viðverustjórnun er markmiðið meðal annars að auðvelda starfsfólki endurkomu til starfa eftir veikindi, veita því stuðning og umhyggju og lækka um leið kostnað vegna fjarvista.

Lífeyrisskuldbindingar

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 1.069 milljónir króna á árinu 2021. Á árinu 2012 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 490 milljónum króna á árinu 2021. Byrjað var að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindingu Byrs vegna fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar á árinu 2016 og eru um 79 milljónir króna af áætluðum heildargreiðslum 2021 vegna Byrs. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga Byrs eru gerðar með fyrirvara um niðurstöðu dómstóla, en Hafnarfjarðarkaupstaður mótmælir því að bænum beri að greiða þessa skuldbindingu. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding bæjarins verði um 14,3 milljarðar króna í árslok 2021. Til samanburðar eru heildarlaunagreiðslur sveitarfélagsins með launatengdum gjöldum á árinu 2021 áætlaðar 16,2 milljarðar króna. Af lífeyrisskuldbindingu eru um 2,7 milljarðar króna vegna lífeyrisskuldbindinga fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar/Byrs og um 209 milljónir króna vegna Hafnarsjóðs.

Annar kostnaður

Almennur rekstrarkostnaður sem er tengdur verðlagsforsendum samkvæmt samningum hefur verið uppfærður í takt við verðlagsbreytingar. Útgjöld hafa verið aukin þar sem um aukinn þjónustupunga er að ræða en almennt er ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni í ný verkefni á árinu 2021 önnur en fram koma í greinargerð viðkomandi málaflokks.

Á árinu 2021 verður farið gaumgæfilega ofan í alla samninga sveitarfélagsins og sett verður á laggirnar innkauparáð skipað þremur kjörnum fulltrúum, fjármálastjóra,



innkaupastjóra og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs. Þá verður einnig farið í ítarlega vinnu við fjárhagslega stefnumótun og markmiðasetningu sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2020 og tekið er tillit til 22% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir fyrir utan stöðu milli Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð miðað við þjóðhagsspá að vetri 2020, sem er í takt við spár bankastofnana, og er miðað við 2,7%. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga en meðalvextir eru rúmlega 3%.

Áætlun gerir ráð fyrir að 500 milljón króna fjárfesting húsnæðisskrifstofu í nýju húsnæði verði fjármögnuð með 450 milljóna króna lántöku og 50 milljónum króna af eigin fé. Gert er ráð fyrir að leigugreiðslur standi undir afborgunum og vöxtum af lánum húsnæðisskrifstofu.

Þrátt fyrir að áætlun geri ráð fyrir umtalsverðu tapi á árinu er lánsþörf á árinu 2021 í lágmarki, þar sem söluandvirði bæjarins í HS Veitum verður greitt á fyrstu mánuðum ársins. Áætlun gerir ráð fyrir að tekið verði lán í A-hluta fyrir 1.300 milljónir króna, þar af eru lántökur vegna endurbóta gamla Sólvangs að andvirði 250 milljónir króna, vegna St. Jó um 280 milljónir króna og vegna annarra verkefna um 770 milljónir króna. Áætlun gerir ráð fyrir að leigugreiðslur standi undir afborgunum og vöxtum af lánum vegna St. Jó.

Gert er því ráð fyrir að lántökur nemi alls um 1.750 milljónum króna en afborganir lána nemi alls 2.030 milljónum króna, eða um 300 milljónum króna umfram lántökur. Þannig er gert ráð fyrir að skuldaviðmið verði um 114% í árslok 2021 en til samanburðar var hlutfallið 112% í árslok 2019.

Fyrirvarar og óvissupættir

Áhrif Covid-19 faraldursins setja verulegt strik í áætlun 2021, sem og þriggja ára áætlun 2022–2024, þar sem verulegur samdráttur hefur orðið í útsvarstekjum vegna aukins atvinnuleysis og fækkunar vinnustunda. Þá er mikil óvissa um hversu hratt hagkerfið nær að rétta úr kútnum.

Þriggja ára áætlun 2022–2024

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins tekur mið af verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá sem notuð var til grundvallar frumvarpi til fjárlaga 2021. Útsvarstekjur ráðast af fjölda íbúa, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi, en hér er gert ráð fyrir hækkun tekna um 6,4%–7,2% á ári. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta og lóðaleigu hækka í takt við vísitölu að viðbættum nýjum eignum, eða í kringum 5% á ári. Annar rekstrarkostnaður eykst í samræmi við vísitölu neysluverðs í þjóðhagsspá og aukna þjónustu í kjölfar fjölgunar íbúa. Laun og launatengd gjöld hækka í takt við launavísitölu samkvæmt þjóðhagsspá. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga og nýjar lántökur.



Mannauður

Heildarfjöldi stöðugilda hjá Hafnarfjarðarkaupstað:

Hafnarfjarðarkaupstaður	Fjöldi stöðug. 2021	Fjöldi starfsm. 2021	Fjöldi stöðug. 2020	Fjöldi starfsm. 2020	Fjöldi stöðug. 2019
Fjölskyldu- barnamálasvið og	251,6	502	216,3	435	197,2
Mennta- og lýðheilsusvið	1.208	1.445	1.187	1.427	1.171,2
Fjármálasvið	18	18	18	18	24
Stjórnsýslusvið	12	14	12	14	43,2
Þjónustu- og þróunarsvið	38,4	50	38,4	50	
Umhverfis- skipulagssvið og	45,5	46	45,5	46	45,5
Hafnarfjarðarhöfn	13	13	13	13	12
	1.586,5	2.088	1.530,2	2.003	1.493,1

Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

A- og B-hluti

- Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2021 verði um 30,3 milljarðar króna og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði um 30,2 milljarðar króna. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 130 milljónir króna. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir sem nemur tæplega 1,4 milljörðum króna, þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2021 er neikvæð um 1.221 milljón króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 62,5 milljarðar króna í árslok 2021. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 47,6 milljarðar króna og eigið fé um 14,9 milljarðar króna.
- Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2021 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði um 1,7 milljarðar króna, sem er um 5,5% af heildartekjum.

Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A- og B-hluti – m.kr.				
	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2018
Rekstrarreikningur				
Tekjur	30.283	29.132	28.543	26.812
Gjöld	(30.153)	(28.003)	(25.755)	(23.859)
Fjármagnsliðir	(1.351)	(1.436)	(1.552)	(1.824)
Rekstrarniðurstaða	(1.221)	(307)	1.236	1.129
Efnahagsreikningur				
Eignir	62.521	62.438	59.536	55.971
Eigið fé	14.879	14.544	14.236	12.780
Skuldir og skuldbindingar	47.642	47.894	45.300	43.191
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	1.666	2.348	3.396	3.863



A-hluti

- Í áætlun 2021 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta sé neikvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um tæplega 921 milljón króna.
- Áætlaðar rekstrartekjur A-hluta eru um 28,1 milljarður króna og áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði eru 29,0 milljarðar króna. Fjármagnsliðir eru áætlaðir tæplega 1,1 milljarður króna. Áætluð rekstrarniðurstaða A-hluta verður því neikvæð um tæpa 2 milljarða króna.
- Heildareignir A-hluta í árslok 2021 eru áætlaðar um 49,9 milljarðar króna, skuldir um 43,5 milljarðar króna og eigið fé um 6,3 milljarðar króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er um 410 milljónir króna, eða um 1,5% af heildartekjum.

Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A-hluti – m.kr.				
	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2018
Rekstrarreikningur				
Tekjur	28.092	27.019	26.458	24.888
Gjöld	(29.013)	(26.960)	(24.782)	(22.904)
Fjármagnsliðir	(1.067)	(1.136)	(1.250)	(1.494)
Rekstrarniðurstaða	(1.988)	(1.077)	426	490
Efnahagsreikningur				
Eignir	49.880	49.927	48.369	45.628
Eigið fé	6.340	6.140	7.238	6.591
Skuldir	43.540	43.787	41.131	39.037
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	410	1.189	2.138	2.784

Aðalsjóður

Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs fyrir fjármagnsliði innri viðskipta verði neikvæð um 2.230 milljónir króna.


Rekstraryfirlit:

Aðalsjóður – m.kr.				
	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2018
Rekstrarreikningur				
Tekjur	28.969	27.682	27.202	25.661
Gjöld	(31.199)	(28.730)	(26.211)	(24.206)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	(2.230)	(1.048)	991	1.455

Helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára má sjá í eftirfarandi töflu:

Rekstur málaflokka aðalsjóðs					
	Áætlun	Hlutfall af	Áætlun		Ársreikningur
Fjárhæðir í m.kr.	2021	skatttekjum	2020	Mismunur	2019
Skatttekjur	25.514		24.488	1.026	24.457
Fjölskylduþjónusta	(5.530)	21,7%	(4.840)	(690)	(4.346)
Fræðslu- og uppeldismál	(14.579)	57,1%	(13.857)	(722)	(13.326)
Menningarmál	(530)	2,1%	(492)	(38)	(480)
Æskulýðs- og íþróttamál	(2.735)	10,7%	(2.566)	(169)	(2.052)
Brunamál og almannavarnir	(296)	1,2%	(247)	(49)	(240)
Hreinlætismál	(24)	0,1%	(22)	(2)	(17)
Skipulags- og byggingarmál	(138)	0,5%	(130)	(8)	(110)
Umferðar- og samgöngumál	(1.071)	4,2%	(1.043)	(28)	(953)
Umhverfismál	(184)	0,7%	(168)	(16)	(146)
Atvinnumál	(53)	0,2%	(87)	34	(55)
Sameiginlegur kostnaður	(2.591)	10,2%	(2.620)	30	(2.271)

Hlutfall málaflokka af heildarútgjöldum:



Fjölskyldu- og barnamálasvið

Afleiðingar heimsfaraldurs Covid-19 koma ekki síst fram í velferðarþjónustu sveitarfélaga. Atvinnuleysi er að aukast og má búast við því að áhrifa gæti vegna þess í fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á árinu 2021. Einnig eru blikur á lofti hvað varðar barnavernd, heimilisofbeldi og almennt álag á fjölskyldur og einstaklinga vegna Covid-19. Hafnarfjarðarkaupstaður er þó að ýmsu leyti vel búinn undir það að takast á við þessar erfiðu aðstæður. Haustið 2018 hóf sveitarfélagið að þróa Brúna, nýtt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur. Markmið Brúarinnar er að samþætta þjónustu fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs og veita aukna þjónustu á fyrri stigum. Frá og með haustinu 2020 eru allir grunn- og leikskólar þátttakendur í verkefninu og eru þeir að tileinka sér nýtt verklag. Auk þess er vert að geta þess að svokallað frumvarp um farsæld barna er á dagskrá Alþingis og væntanleg lagasetning fellur afar vel að áherslum Brúarinnar. Brúin verður þróuð og eflað á næstu árum með aukinni samvinnu og auknum stuðningsúrræðum. Styðja nýjar reglur um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra við þetta framsækna verkefni.

Aukin áhersla verður á virkniúrræði fyrir vinnufært fólk á fjárhagsaðstoð, svokallað Áfram verkefni, sem er orðið rótgróið verklag í vinnu með fólki sem sækir um stuðning og fjárhagsaðstoð vegna erfiðra aðstæðna.

Verkefninu Barnvænt sveitarfélag hefur verið hleypt af stokkunum og hefur stýrihópur verkefnisins hafið störf. Ráðinn hefur verið verkefnastjóri í 30% starf til að fylgja verkefninu eftir. Auk þess er gert ráð fyrir fjármagni til útgáfu og fræðslu í tengslum við innleiðinguna.

Áfram er stutt við notendaráðin, þ.e.a.s. Öldungaráð, Ráðgjafarráð fatlaðs fólks og Fjölmenningsráð. Starfsmenn sviðsins eru tengiliðir við ráðin og kallar fjölskylduráð reglulega eftir áliti þeirra og umsögnum í málum er varða hagsmuni þeirra.

Á árinu 2020 voru gerðar breytingar á gjaldskrá fjölskyldu- og barnamálasviðs í þá veru að gjaldskrá heimaþjónustu er nú tekjutengd og einnig frístundastyrkur eldri borgara. Gjaldskráin hækkar samkvæmt vísitölu um 2,7% milli áranna 2020 og 2021.

Fjarheimildir fjölskyldu- og barnamálasviðs hækka frá áætlun 2020 um 689,9 milljónir króna og fara samkvæmt áætlun 2021 upp í 5.530 milljónir króna. Hækkunin er um 14% milli ára og nemur nú 21,7% af skatttekjum sveitarfélagsins. Munur þar mestu um aukinn kostnað vegna tveggja nýrra búsetukjarna, sem og hækkun launa vegna starfsmats og breytinga á vinnutímafyrirkomulagi í vaktavinnustörfum vegna styttingar vinnuvikunnar á árinu 2021. Gert er ráð fyrir að fjárhagsaðstoð aukist um 21%, auk þess sem gert er ráð fyrir hækkun vistgjalda vegna barnaverndar.

Þjónusta við fatlað fólk er sá málaflokkur sem varið er mestum fjármunum í, eins og fyrri ár, og fer 64% af fjármagni sviðsins til þessa málaflokks. Þess má geta að framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, viðbótarframlag frá útsvari og tekjur frá öðrum sveitarfélögum sem nýta þjónustuna eru um 2 milljarðar króna.



Skrifstofa fjölskyldu- og barnamálasviðs

Á skrifstofu sviðsins hækkar launakostnaður um 12% milli áætlana 2020 og 2021. Þessi aukning skýrist af hækkun launa á skrifstofunni vegna niðurstöðu starfsmats og langtímaveikinda. Auk þess var ráðinn verkefnastjóri Barnvæns samfélags sem starfar þvert á svið sveitarfélagsins en kostnaður færast á skrifstofu fjölskyldu- og barnamálasviðs.

Fjárhagsaðstoð

Í ljósi stöðunnar í samfélaginu vegna Covid-19 faraldursins er gert ráð fyrir auknu fjármagni vegna fjárhagsaðstoðar. Hækkunin nemur 21%, eða 43 milljónum króna, á milli ára. Einnig er aukið fjármagn í Áfram-störfin, sem eru virkniúrræði fyrir vinnufæra á fjárhagsaðstoð. Í reglum sveitarfélagsins er gert ráð fyrir árlegri hækkun fjárhagsaðstoðarkvarða í samræmi við neysluvísitölu. Nú er kvarðinn 190.550 krónur fyrir einstakling og 304.880 krónur fyrir sambúðarfólk og hækkar hann reglum samkvæmt 1. janúar 2021.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í byrjun árs tóku gildi nýjar reglur varðandi sérstakan húsnæðisstuðning, sem byggja á úrskurði þess efnis að leigjendur í félagslegu leiguhúsnæði eigi sama rétt og aðrir leigjendur til sérstaks húsnæðisstuðnings. Í ljósi þess er gert ráð fyrir hækkun stuðningsins um 27% á milli áranna 2020 og 2021, eða um 33 milljónir króna.

Barnavernd

Vistunarkostnaður í barnavernd hefur aukist milli ára. Á árinu 2020 var farið í úttekt á starfi barnaverndar Hafnarfjarðar og er þeim niðurstöðum nú fylgt eftir. Þar er t.d. lögð áhersla á nýja málaskrá, greiningu tölfræði- og fjárhagsupplýsinga, rafræna vistun skjala, aukna kostnaðarvitund barnaverndarstarfsmanna, sameiginlegt vistheimili sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, rafræna skjalavistun, skýrari ferla og stafrænar lausnir. Auk þess kemur fram í úttektinni að álag í barnavernd er mikið.

Í fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir aukningu til barnaverndar um 25% og er áætlunin byggð á þeim kostnaði sem fyrirsjáanlegur er næsta árið. Þess er vænst að hagræðing náist í ljósi úttektar og einnig að árangur af starfi Brúarinnar gæti farið að koma í ljós í vistun barna á næstu árum. Hér er um mjög viðkvæman málaflokk að ræða og mikilvægt að vakta þróunina vel í ljósi Covid-19. Einnig er vert að geta þess að á árinu 2020 var samið við tvö einkaheimili í sveitarfélaginu um vistun barna skv. 84. gr. barnaverndarlaga, sem fjallar um úrræði á vegum sveitarfélaga.

Þjónusta við eldri borgara

Eldri borgurum fjölgar í samfélaginu og verður staðinn vörður um fyrirbyggjandi leiðir í þjónustu við þann hóp. Þar má nefna heilsuefingu eldri borgara, svokallað Janusarverkefni, og frístundastyrki eldri borgara. Á næsta ári verður varið 514 milljónum í þjónustu við eldri borgara. Ákveðið hefur verið að setja á fót starfshóp um félagslega heimaþjónustu. Verður meginverkefni hans að skoða fyrirkomulag



heimaþjónustu, reglur, gjaldskrá, þjónustustig og þjónustubörf og móta framtíðarsýn í þjónustu við fólk í heimahúsum.

Þjónusta við fatlað fólk

Breytingar á vinnutímafyrirkomulagi vegna styttingar vinnuvikunnar í vaktavinnu og starfsmat gera það að verkum að gert er ráð fyrir 29% hækkun launa í þjónustu við fatlað fólk. Tveir nýir búsetukjarnar verða fullbúnir á árinu 2021, að Arnarhrauni 50 og Öldugötu 45.

Kostnaður vegna liðveislu hækkar á árinu 2021 um 32%. Hér er um að ræða úrræði sem styður við sjálfstæða búsetu fatlaðs fólks og rýfur félagslega einangrun. Lög um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sem samþykkt voru 2018, gera auknar kröfur til félagsþjónustu sveitarfélaga hvað þessa þjónustu varðar.

Sérhæfð akstursþjónusta fatlaðs fólks og eldri borgara var boðin út á árinu og tók fyrirtækið Hópbílar við þjónustunni í júlí 2020. Tilboðið var hagstætt og er gert ráð fyrir 50 milljóna króna hagræðingu milli ára í ljósi þess.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er orðin lögbundið þjónustuform og er í innleiðingu til ársins 2022. Starfshópur um NPA skilaði af sér niðurstöðum á árinu 2020 og urðu breytingar á tímagjaldi og samsetningu samninga. NPA-samningarnir eru 17, auk fimm beingreiðslusamninga. Samtals er gerð ráð fyrir 540 milljónum króna á árinu 2021 vegna samninganna.

Kostnaðarauki milli útkomuspár 2020 og áætlunar 2021 í málaflokki fatlaðs fólks er 13%, eða rúmar 418 milljónir.

Málefni útlendinga og umsækjenda um alþjóðlega vernd


Samningur er milli Hafnarfjarðarbæjar og Útlendingastofnunar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Samningurinn gerir ráð fyrir þjónustu við allt að 100 einstaklinga á hverjum tíma. Samningurinn er liður í því hlutverki stjórnvalda að tryggja þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum. Fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins greiðist daggjald, auk þess sem Útlendingastofnun greiðir Hafnarfjarðarkaupstað árlegt fastagjald fyrir þjónustuna. Greiðslur frá Útlendingastofnun standa straum af launa- og rekstrarkostnaði. Fimm starfsmenn á skrifstofu fjölskyldu- og barnamálasviðs sinna þjónustusamningnum. Auk þess heyrir undir deildina þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur sem fá stöðu eftir umsóknarferli, sem og þjónusta við fylgdarlaus börn. Samningur við Útlendingastofnun stendur að fullu undir þessum kostnaði.



Rekstraryfirlit

Fjölskylduþjónusta – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1.003	698	546
Samtals tekjur	1.003	698	546
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	3.040	2.428	2.238
Annar rekstrarkostnaður	3.493	3.110	2.793
Samtals gjöld	6.534	5.539	5.031
Rekstrarniðurstaða	(5.530)	(4.840)	(4.485)

Skipting fjármagns hjá fjölskyldu- og barnamálasviði í fjárhagsáætlun 2021:



Mannauður

Stöðugildi sviðsins og stofnana sem heyra undir sviðið:

Fjölskylduþjónusta	Stöðugildi 2021	Stöðugildi 2020	Stöðugildi 2019	Stöðugildi 2018
Skrifstofa	24,8	24,5	23,5	22,4
Áfram verkefni/ Brúin/Barnavernd	13,5	11,7	8	4,6
Þjónusta við aldraða	26,3	27,1	23	21
Þjónusta við fatlað fólk	182	162,52	151,7	138,7
Ýmis félagsþjónusta	5	6	2	
Samtals	251,6	231,8	208,2	186,7

Fjölskyldubjónusta	Fjöldi stöðugilda 2021	Fjöldi starfsmanna 2021	Fjöldi stöðugilda 2020	Fjöldi starfsmanna 2020	Breyting stöðug. 2021/2020
Skrifstofa félagsþjónustu	24,8	26	24,5	27	0,3
Brúin	4	4	4	4	0,0
Áfram	6	8	5	5	1,0
Barnaverndarmál	3,5	12	2,7	12	0,8
Tómstundastarf aldraðra/mötuneyti	1,4	4	2,3	5	-0,9
Heimaþjónusta	21,4	32	21,3	32	0,1
Félagsþjónustan Hraunsel	3,5	4	3,5	4	0,0
Liðveisla	10,4	111	9,5	99	0,9
Málefni fatlaðs fólks	3	3	3	3	0,0
Atvinna með stuðningi/öryrkjar	12,7	27	12,7	26	0,0
Straumhvörf	10,4	22	10,1	17	0,3
Arnarhraun	12	13			12,0
Berjahlíð	9,3	18	9,3	13	0,0
Blikaás	10,3	19	10,5	19	-0,2
Einiberg	9,3	15	7,5	10	1,8
Erluás	7,5	14	7	11	0,5
Smárahvammur	7,5	12	7,7	12	-0,2
Steinahlíð	7,7	15	7,7	15	0,0
Svöluás	8,6	13	8,6	11	0,0
Svöluhraun	7,6	15	7,6	13	0,0
Lundur	7,5	21	6,3	14	1,2
Hnotuberg	8,8	17	8,8	14	0,0
Húsið	7,4	17	7,4	15	0,0
Kletturinn	3,4	6	3,4	6	0,0
Geitungar	13	16	11,2	13	1,8
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	11,5	13	11,5	13	0,0
Þjónustuíbúðir Drekaöllum	11,5	15	10,3	14	1,3
Lækur	2,6	5	2,6	5	0,1
Umsækjendur um alþjóðlega vernd	5	5	6	3	-1,0
Samtals	252	502	232	435	20

Mennta- og lýðheilsusvið

Undir mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarkaupstaðar heyra málefni dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, íþróttá- og tómstunda, forvarna, lýðheilsu, tónlistarskóla og námsflokka Hafnarfjarðar. Yfirstjórn málefna mennta- og lýðheilsusviðs fer fram í gegnum sviðsskrifstofu hennar. Fjárheimildir sviðsins hækka í heild sinni úr 16,4 milljörðum króna í 17,3 milljarða króna, sem samsvarar 5,3% hækkun á milli ára, eða 862 milljón króna. Vega þar launahækkanir þyngst, um 745 milljónir króna. Fjárheimild vegna fræðslu- og uppeldismála hækkar um 720 milljónir króna á árinu, um 5,2%, og til æskulýðs- og íþróttamála um 142 milljónir króna, eða um 5,5%.

Fræðslu- og uppeldismál

Sameiginlegur kostnaður

Áhersla mennta- og lýðheilsusviðs er á að styðja við og efla framúrskarandi og fjölbreytt skólastarf í leik-, grunn- og tónlistarskólum bæjarins, sem og íþróttá-, tómstunda-, félags- og forvarnastarf, á sem flestum sviðum í Hafnarfirði ásamt sterkri stoðþjónustu. Starfsumhverfi og markvisst starf sem miðar að því að börn og ungmenni vaxi og dafni í skapandi og styðjandi umhverfi er jafnan í forgrunni. Þar er einna helst lögð áhersla á að horfa á styrkleika einstaklinga, snemmbæran stuðning og árangur hvers og eins.

Undanfarin ár hefur verið lögð megináhersla á stuðning við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í gegnum skóla og frístundastarf. Þar er horft til umhverfis barnsins og þarfa þess með það fyrir augum að snemmtækt, uppbyggilegt starf hlúi hvað best að frekari vellíðan og árangri, svo að síður þurfi að grípa til úrræða og einhvers konar inngripa á síðari tímum. Samvinna innan sviðs mennta- og lýðheilsu og fjölskyldu- og barnamála í gegnum verklag Brúarinnar er þungamiðja þessarar nálgunar, sem og stöðugar leiðir til úrbóta og samstarfs um forvarnir og áhersla á fjölbreytileika samfélagsins.

Öll skólahverfin níu taka nú þátt í þróun verklags Brúarinnar í samvinnu við starfsfólk af skrifstofum sviðanna tveggja og bættust tvö hverfi við á haustdögum 2019. Þannig er tryggt samstarf skólaþjónustu, skóla bæjarins og fjölskyldu- og barnamálsviðs um snemmbæran stuðning og áhersla lögð á farsæld barna- og ungmenna. Þessi breyting á verklagi endurspeglast í breyttu vinnulagi og verkferlum í anda lærdómssamfélags, innan sem utan skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs, og meiri áherslu á snemmtæk viðbrögð og forvarnir í víðasta skilningi. Þjónusta og stuðningur við skólana er eitt af mikilvægustu forgangsverkefnum sveitarfélagsins.

Þróunarverkefnið um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska og læsi er enn einn helsti áhersluþáttur sviðsins, enda málþroski beintengdur lestrarnámi og læsi, og þar með námsárangri. Hlutverk ráðgjafa og skólasálfræðinga hefur undanfarin misseri þróast í takt við þessa vinnu, sem og innleiðingu verklags Brúarinnar, og er nú hluti af starfi þeirra auk þess að standa að námskeiðum, ráðgjöf og greiningu.



Forgangsröðun fjármagns

Við skipulag skólastarfs fyrir skólaárið 2021–2022 verði sett markmið um forgangsröðun fjármagns allt að 1% í stofnunum á sviði mennta- og lýðheilsusvið, sem tekur til úthlutunar fjármagns frá 1. ágúst 2021 til loka skólaársins 2022. Unnið verður með stjórnendum að forgangsröðuninni til að tryggja að aðgerðirnar hafi ekki áhrif á almennt skólastarf og stoðþjónustu.

Tillögur ungmennaráðs

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur m.a. til að meiri áhersla verði lögð á kennslu skyndihjálpar í grunnskólum, hundagerði á miðsvæði og að tryggðar verði ferðir á skíðasvæði Bláfjalla. Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir að þessar tillögur ráðsins komist til framkvæmda á árinu og samtali um aðrar tillögur ráðsins verði fram haldið.

Starfshópar

Nokkrir starfshópar störfuðu á árinu og halda áfram starfi sínu á nýju fjárhagsári. Aðrir ljúka störfum á núverandi ári, meðal annars:

- Starfshópur um sumaropnun sem skilaði tillögum sínum í nóvember.
- Starfshópur um menntastefnu starfar enn en hefur ekki fundað frá því á vordögum sökum ástandsins í farsóttarmálum. Mun taka upp þráðinn á nýju ári.
- Starfshópur um Barnvænt samfélag tók til starfa á haustdögum og mun starfa áfram á nýju ári.
- Faghópur um vinnuskólann. Skýrsla hóps um nýjar áherslur vinnuskólans hefur verið lögð fram og eru tillögur hennar enn í vinnslu.
- Faghópur um tónlistarnám í grunnskólum. Tillögur hafa verið kynntar og eru komnar til framkvæmda að hluta til.

Einnig hafa aðrir minni hópa innan og milli sviða skilað af sér skýrslum til ráða á árinu.

Leikskólar og dagvistunarmál

- Systkinaafslættir voru hækkaðir umtalsvert í upphafi kjörtímabils og verður áfram 75% afsláttur á annað barn og 100% á þriðja barn og fleiri.
- Reglur um systkinaafslátt hjá systkinum sem eru á fristundaheimili, leikskóla og hjá dagforeldri verða samræmdar þannig að systkini á öllum þessum stigum þjónustunnar njóti sama afsláttar.
- Niðurgreiðsla fyrir hverja dvalarklukkustund á dag í leikskólum, miðað við átta tíma, hækkar um 2,7%.
- Dvalargjald á leikskólum umfram átta klukkustundir hækkar og verður 4.013 krónur.
- Gert er ráð fyrir styttingu viðveru leikskólabarna í kjölfar styttingar vinnuviku. Úthlutun til leikskóla lækki þar með um u.þ.b. 15–20 milljónir króna, í takt við lengd dvalartíma barna.
- Fæðisgjald á leikskólum hækkar um 2,7%.
- Áfram verður stutt við starfsmenn leikskóla í leikskólakennaranámi sem lýkur með leyfisbréfi leikskólakennara, með afleysingu þegar starfsmenn sækja nám á vinnutíma. Einnig gefst starfsmönnum, sem eru með annað háskólapróf



og vilja hefja framhaldsnám í leikskólakennarafræðum, tækifæri til stuðnings ef náminu lýkur með leyfisbréfi til starfa á leikskólastigi.

- Námskostnaður er greiddur ef starfsmenn vilja sækja nám í leikskólabró Borgarholtsskóla. Þeir starfsmenn sem hefja nám í leikskólakennarafræðum og þeir sem eru með aðra háskólamenntun geta sótt um styrk fyrir skrásetningargjöldum og bókakostnaði fyrir allt að 100 þúsund krónur á ári. Styrkur vegna skrásetningargjalda er greiddur ef starfsmaður á ekki kost á því að fá styrk frá stéttarfélagi sínu. Bækur sem keyptar eru verða eign sveitarfélagsins og eru geymdar á Bókasafni Hafnarfjarðar, þar sem nemandi geta fengið þær til láns. Er þetta gert með nýtingarsjónarmið að leiðarljósi.
- Skipulag starfsemi leikskóla í dymbilvikum verður sambærilegt og dagana milli jóla og nýárs, þ.e. foreldrar skrá mætingu barna sinna fyrir fram.
- Leikskólar munu nú starfa í 12 mánuði á ári. Foreldrar velja fjórar vikur yfir sumarmánuðina fyrir sumarfrí leikskólabarns.
- Leikskólinn Hamravellir er nú hluti af leikskólum Hafnarfjarðar og í rekstri hjá bæjarfélaginu, þar sem Skólar ehf. óskuðu eftir því að segja upp samningi um rekstur skólans.
- Fækkað verður stuðningstímum vegna minniháttar málþroskavanda barna á leikskólum. Framkvæmdin verður áfram eins og ákveðið var í apríl 2020; stuðningur verður veittur á hverri deild fyrir sig út frá skipulagi þróunarverkefna leikskólanna um snemmbæran stuðning í stað sérkennslustunda. Þetta á aðeins við fyrir þau börn sem eru með minniháttar málþroskavanda og verklag sem unnið er eftir inni á deildum skólanna. Fækkun um níu stöðugildi í úthlutunum til leikskólanna haustið 2021, skólaárið 2020–2021 sem hefur bein áhrif á fjárhagsáætlun 2021.
- Niðurgreiðsla fyrir hverja dvalarklukkustund á dag, miðað við átta tíma, hækkar um 2,7% hjá dagforeldrum.

Grunnskólar

- Fæðisgjald í leik- og grunnskólum mun hækka um 2,7% til að mæta gæðakröfum og verðlagshækkunum.
- Systkinaafsláttur – þriðja systkini fær 100% afslátt af skólamat.
- Heildarkostnaður ritfangakaupa til grunnskólanemenda lækkar um 2 m.kr. Reynslan hefur sýnt að ekki er þörf á jafnmiklu fjármagni til námsgagnakaupa þar sem gott verð og skipulag innkaupa hefur í för með sér hagræðingu. Vinna þarf frekari reglur um verklag við úthlutun til að koma í veg fyrir sóun.
- Engidalsskóli varð sjálfstæð rekstrareining frá hausti 2020 og þar með á fjárhagsárinu 2021
- Lækkun verði á þjónustu- og vörukaupum hjá stofnunum sviðsins um 1,5% á fjárhagsári eða 2,3 m.kr.
- Lækkun verði á sameiginlegum lið vegna aksturs í ferðir úr 14 m.kr. í 7 m.kr.
- Kennsla í skyndihjálp í 10. bekk verður á næsta skólaári frá hausti 2021 1,5 m.kr. Tillagan kom frá ungmennaráði.



Frístundir og tómstundastarf

- Lagt er til að gjaldskrá mennta- og lýðheilsusviðs hækki um 2,7% nema á einstaka miðum í sund og gufubað. Þar er lagt til að einn miði fyrir fullorðinn hækki um 100 kr., eða úr 700 kr. í 800 kr.
- Frítt verður í sund fyrir íþróttamenn meistaraflokks í Hafnarfirði fram til júní 2021.
- Stöðugildum hefur fjölgað á frístundaheimilum undanfarin ár. Fleiri börn og frekari stuðningur við nemendur með stuðningsþörf er ástæða aukningarinnar. Hlutfall stöðugilda innan frístundaheimila helst óbreytt milli ára 2020–2021 en verður endurskoðuð í úthlutun fyrir skólaárið 2021–2022.
- Ný félagsmiðstöð í Skarðshlíðarskóla, Skarðið, hefur fulla starfsemi. Tvö stöðugildi eru í hverri félagsmiðstöð í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar sem hafa unglingadeildir.
- Frístundaakstur hefur fest sig í sessi og er ekið með börn á æfingar frá öllum grunnskólum Hafnarfjarðar. Heildarkostnaður við frístundaakstur árið 2021 verður 35,5 m.kr. Nýtt útboð á frístundaakstri og skólaakstri lækkaði útgjöld um 10 m.kr. miðað við síðasta skólaár.
- Hlutfallslega fleiri börn nýta nú frístundastyrkinn en nokkru sinni áður. Gert er ráð fyrir að 70% barna 6–18 ára noti styrkinn árlega. Þátttaka barna í íþrótt- og tómstundastarfi er mikilvægt forvarnaverkefni Hafnarfjarðarbæjar.
- Framlag Hafnarfjarðarbæjar vegna niðurgreiðslu þátttökugjalda barna í frístundaheimili Hjalla hækkar en börnum sem nýta sér þá þjónustu fjölgar um 25 börn á ári.

Önnur fræðslustarfsemi

- Viðbótarfjármagn til viðhalds og búnaðar sem sett hefur verið inn síðastliðin tvö ár til leik- og grunnskóla lækkar úr 20 m.kr. í 5 m.kr. árið 2021. Einungis er gert ráð fyrir fjármagni til að bregðast við nauðsynlegum viðbótum.
- Skarðshlíðarskóli – leik-, grunn- og tónlistarskóli og íþróttahús – kominn í fullan rekstur.



Rekstraryfirlit:

Fræðsluþjónusta – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	1.106	1.117	1.075
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	10.357	9.681	9.194
Annar rekstrarkostnaður	5.334	5.301	5.214
Samtals gjöld	15.692	14.982	14.408
Rekstrarniðurstaða	(14.586)	(13.865)	(13.333)

Stöðugildi og starfsmanna- og nemendafjöldi sviðsins og stofnana sem heyra undir það:

Leikskólar	Fj. stöðu- gilda 2021	Fj. stm. 2021	Fj. nem. 2021	Fj. dval. gilda 2021	Fj. stöðu- gilda 2020	Fj. stm. 2020	Fj. nem. 2020	Fj. dval. gilda 2020
111-Álfaberg	25	26	85	957	24,7	26	85	957,3
112-Norðurberg	30,4	35	102	1.028,00	29,21	34	102	1.036,70
113-Arnarberg	25,2	27	82	913,7	24,23	26	80	820,5
114-Smáralundur	20,7	23	67	721,6	20,21	22	70	752,7
115-Víðivellir	36,4	42	85	839	37,02	43	120	1.291
116-Hvammur	35,1	41	121	1.188	31,78	37	121	1.262
118-Hlíðarberg	28	30	90	934	28,5	31	101	1.017
119-Vesturkot	18,2	21	68	680,6	26,37	31	84	914
121-Hlíðarendi	23,4	26	84	900,5	22,34	25	84	895
122-Hörðuvellir	21,1	23	71	728,3	23,14	25	75	716
123-Álfasteinn	24,4	28	77	820,7	25,48	29	77	826
124-Tjarnarás	24,2	28	80	845,1	25,08	29	80	923,7
125-Stekkjarás	48,9	52	163	1803,2	49,89	53	163	1811
126-Hraunvallaskóli	28	28	95	1013,5	27,85	28	95	1059
127-Hamravellir	26,3	2	84	873,7				
129-Bjarkalundur	25,2	28	70	717,7	23,5	26	77	841
0130-Skarðshlið	22,5	24	74	844,9	20,99	22	72	974
Samtals:	463	485	1.498	15.809	440	487	1.486	16.097

Fjöldi nemenda, kennslustunda og stöðugilda:

Grunnskólar	Fjöldi kennslustunda 2021	Fjöldi stg. í kennslu og stjórnun 2021	Fjöldi stg. annarra starfsm. 2021	Fjöldi nem. 2021	Fjöldi kennslustunda 2020	Fjöldi kennslustunda 2019
Lækjarskóli	1.202	48,2	13,5	457	1.310	1.443
Öldutúnsskóli	1.449	60,5	13,8	608	1.412	1.375
Víðistaðaskóli	1.240	58	10,5	535	1.707	1.647
Engidalsskóli	455	20,5	6,4	187		
Setbergsskóli	1.140	44,8	15,2	436	1.131	1.152
Áslandsskóli	1.158	48,6	21,8	491	1.243	1.249
Hvaleyrarskóli	1.026	46,3	14	410	1.073	1.048
Hraunvallaskóli	1.745	67,8	26,7	701	1.935	2.029
Skarðshlíð	641	28,6	9,8	261	547	369
Barnaskóli Hjallastefnu						
Nú						
Samtals:	10.056	423	132	4.086	10.358	10.312

Önnur fræðslustarfsemi stöðþjónusta	/	Stg. 2021	Stm. 2021	Stg. 2020	Stm. 2020	Grunn- skólar Stg. 2019	Stm. 2019
Skólaskrifstofa		5,9	6	5,8	6	6,8	7
Sérfræðiþjónusta		15,9	16	15,9	16	16	16
Menntasetrið		1	1	1	1	1	1
Tónlistarskóli (ásamt Tónkvísl)		37,6	47	35,7	46	35,7	46
Lúðrasveit Víðistaðaskóla				2,4	4	2,4	4
Samtals:		60,4	70	61,7	73	61,7	74

Íþróttta-, tómstunda- og lýðheilsumál

Yfirstjórníþróttta- og tómstundamála fer í gegnum skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. Fjárheimild hækkar um 166 milljónir króna milli ára, eða um 7%. Fjárheimild var tæpir 2,6 milljarðar króna árið 2020 en er áætluð 2,7 milljarðar króna fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að launaliður Vinnuskóla Hafnarfjarðar fylgi öðrum launahækkunum í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar. Árið 2020 fjölgaði starfsmönnum Vinnuskólans um nær 50%, eða úr 1.050 ráðningum árið 2019 í 1.431 ráðningu árið 2020. Markmið Hafnarfjarðarbæjar árið 2020 var að tryggja að allir hafnfirskir unglingar og framhalds- og háskólanemar fengju sumarstarf. Áætlunin fyrir sumarið 2021 gerir ráð fyrir að atvinnuástand meðal barna og námsmanna verði svipað og 2019, en reiknað er með að 76% allra nemenda í 8.-10. bekk starfi í Vinnuskólanum.

Hlutfall og fjöldi unglinga

Áætlun um fjölda unglinga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2020 og þróun tímakaups án orlofs:

	Fjöldi	Í skólum í Hfj. 2020-2021	Hlutfall (%) Unglinga	Tímakaup 2019	Tímakaup 2020	Tímakaup 2021
8. bekkur	300	394	76%	555	624	668
9. bekkur	350	420	83%	627	832	891
10. bekkur	250	365	68%	835	1.039	1.113
Samtals:	900	1.179	76%			

Tímakaup 2021 er ákveðið út frá kjarasamningum og launatöflum verkalýðsfélagsins Hlífar og tekur mið af launaflokki 117. Nemendur í 8. bekk fá 30% laun af þeim flokki, 9. bekkur 40% og 10. bekkur 50% eins og gert er hjá flestum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Áherslur 2021

- Að tryggja börnum og námsmönnum á framhalds- og háskólaaldri sumarvinnu í gegnum Vinnuskóla Hafnarfjarðar. Með því er spornað gegn brottfalli úr námi og þessum hópi tryggð virkni yfir sumarið. Sumarstarfsmönnum 18-20 ára mun gefast tækifæri á að starfa í leikskólum Hafnarfjarðar yfir sumartímann.
- Virkir samningar eru milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og íþróttta- og tómstundafélaga. Rekstrarsamningar hækka að jafnaði um 2,7% vegna rekstrarhluta en um 5,2% vegna launahluta og þjónustusamningar hækka um 5,2%.
- Þjónustusamningur verður gerður við tvö ný félög; Listdansskóla Hafnarfjarðar og Pílukastfélag fatlaðra.
- Verkefni vegna Heilsuþæjarins Hafnarfjarðar tilheyra sviðinu en verkefnin eru þverfagleg og tengjast mörgum sviðum Hafnarfjarðarkaupstaðar. Meðal helstu



verkefna sem eru fyrirhuguð árið 2021 eru fræðslukvöld í Bæjarbíói, sjálfstyrkingar- og vímuvarnaverkefni í unglingadeildum með fræðslu fyrir foreldra, fræðsla og forvarnir um geðsjúkdóma, fræðsla gegn rafrettunotkun, ratleikur í upplandinu, merkingar á göngustígum, merkingar íþróttamannvirkja og menningar- og heilsugöngur næsta sumar. Áætlað er að 10 milljónir króna renni í verkefni Heilsubæjarins Hafnarfjarðar.

- Árið 2021 hefst akstur skíðarútu úr Hafnarfirði til Bláfjalla fyrir skíðaiðkendur. Þegar opið er á skíðasvæðinu í Bláfjöllum ekur rúta einu sinni á dag frá Brettahöllinni á Flatahrauni. Hér er um að ræða tillögu frá Ungmennaráði Hafnarfjarðar sem Fræðsluráð hrindir í framkvæmd.
- Gerður var samningur við Sörla vegna reksturs á félagshesthúsi og hækkar þjónustusamningur við félagið um 1,4 m.kr.

Taflan sýnir framlög til íþróttafélaganna á næsta ári:

	2020			2021		
	Samtals	Rekstur	Þjónusta	Samtals	Rekstur	Þjónusta
Fimleikafélag Hafnarfjarðar						
Íþróttamiðstöð Kaplakrika	125.093	125.093		130.503	130.503	
Knatthúsið Kaplakrika (Risinn) / Skessan	35.000	35.000		41.730	41.730	
Þjónustusamningur	18.750		18.750	19.687		19.687
Kaplakrikavöllur – sláttur og umhirða	5.330	5.330		5.474	5.474	
	184.172	165.423	18.750	197.394	177.707	19.687
Knattspyrnufélagið Haukar						
Íþróttamiðstöð Ásvöllum	125.828	125.828		131.270	131.270	
Þjónustusamningur	15.518		15.518	16.287		16.287
Íþróttasvæði Ásvöllum – sláttur og umhirða	4.351	4.351		4.469	4.469	
	145.697	130.179	15.518	152.026	135.738	16.287
Fimleikafélagið Björk						
Íþróttamiðstöð Bjarkar	32.426	32.426		33.829	33.829	
Þjónustusamningur	15.518		15.518	14.758		14.758
	47.945	32.426	15.518	48.586	33.829	14.758
Badmintonfélag Hafnarfjarðar						
Íþróttahúsið við Strandgötu	41.297	41.297		43.263	43.263	
Þjónustusamningur	4.600		4.600	4.813		4.813
	45.897	41.297	4.600	48.076	43.263	4.813
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar						
ÍBH – skrifstofa	11.194	0	11.194	11.776		11.776
ÍBH – styrkir	21.616	0	21.616	22.220		22.220
	32.810	0	32.810	33.996	0	33.996
Önnur félög						
Golfklúbburinn Keilir	9.555	6.733	2.823	9.858	6.915	2.943

Hestamannafélagið Sörli	14.200	11.378	2.823	18.749	15.806	2.943
Siglingaklúbburinn Þytur	8.963	6.140	2.823	9.249	6.306	2.943
Hamarsvöllur - sláttur og umhirða	4.351	4.351		4.469	4.469	
Skátafélagið Hraunbúar	9.494	9.494		9.906	9.906	
Íþróttafélagið Fjörður	1.572	526	1.045	1.614	541	1.074
Sundfélag Hafnarfjarðar	6.377		6.377	8.552		8.552
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	2.823		2.823	2.943		2.943
Skákfélag Hafnarfjarðar	200	200		200	200	
Golfklúbburinn Setbergi	800	800		800	800	
Kvartmíluklúbbur Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Íþróttafélag Hafnarfjarðar	600	600		600	600	
Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	1.574	500	1.074	1.574	500	1.074
Bridgefélag Hafnarfjarðar	400	400		200	200	
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Brettafélag Hafnarfjarðar	8.845	4.245	4.600	11.112	4.429	6.683
Bogfímifélagið Hrói Höttur	400	400		400	400	
Bláfjallasvæði	138.113	27.113	111.000	139.986	27.845	112.141
Sambo80	400	400		400	400	
Blakfélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Listdansskóli Hafnarfjarðar				400	400	
Pílufélag fatlaðra				400	400	
	210.267	74.880	135.387	223.012	81.715	141.297
Samtals	666.788	444.205	222.583	703.090	472.252	230.838

Rekstraryfirlit:

Fræðsluþjónusta – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	621	612	600
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	910	841	774
Annar rekstrarkostnaður	2.421	2.339	1.859
Samtals gjöld	3.331	3.180	2.633
Rekstrarniðurstaða	(2.710)	(2.568)	(2.033)

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda stöðugilda og starfsmanna:

Íþrótta-, tómstunda og lýðheilsumál	Fjöldi stöðugilda 2020	Fjöldi starfsmanna 2020	Fjöldi barna 2020	Fjöldi stöðugilda 2021	Fjöldi starfsmanna 2021	Fjöldi barna 2021
Skrifstofa æskulýðsmála	3	3	-	3	3	-
Frístundaheimilið Lækjarsel	5,4	14	108	7,57	16	107
Frístundaheimilið Selið	8,9	15	166	8,49	18	148
Frístundaheimilið Hraunkot	8,9	14	103	8,28	16	93
Frístundaheimilið Álfakot	8,7	18	93	7,6	16	81
Frístundaheimilið Krakkaberg	9,6	18	120	7,01	16	96
Frístundaheimilið Tröllheimar	9,8	20	121	9,95	17	122
Frístundaheimilið Holtasel	6,7	12	97	6,35	13	101
Frístundaheimilið Hraunsel	8,9	19	114	8,46	17	115
Frístundaheimilið Skarðssel	4,8	10	76	8,3	16	105
Félagsmiðstöðin Músik og mótör	1,2	3	-	1,2	3	-
Félagsmiðstöðin Vitinn	2	7	-	2	8	-
Félagsmiðstöðin Aldan	2	7	-	2	7	-
Félagsmiðstöðin Hraunið	2,35	9	-	2	8	-
Félagsmiðstöðin Setrið	2	7	-	2	7	-
Félagsmiðstöðin Ásinn	2	8	-	2	7	-
Félagsmiðstöðin Verið	2	7	-	2	7	-
Félagsmiðstöðin Mosinn	2	8	-	2	8	-
Félagsmiðstöðin Skarðið	1,65	5	-	2	7	-
Ungmennahúsið Hamarinn	2	3	-	2	4	-
Samtals félagsmiðstöðvar og frístundaheimili	93,9	207		94,21	214	
Suðurbæjarlaug	11,5	19	-	11,5	19	-
Sundhöll Hafnarfjarðar	5,5	6	-	5,5	6	-
Ásvallalaug	18,8	28	-	18,8	28	-
Samtals sundlaugar	35,8	53		35,8	53	

Fjöldi stöðugilda á skrifstofu æskulýðsmála helst óbreyttur milli ára. Fjöldi stöðugilda frístundaheimila breytist ekki milli ára, en börnum fjölgað ekki núna milli skólaára. Undanfarin ár hefur börnum á frístundaheimili fjölgað jafnt og þétt, eða að jafnaði um 50 börn milli ára. Í upphafi skólaárs 2017 voru 868 börn í frístundaheimilum Hafnarfjarðar, árið 2018 voru þau 948, árið 2019 voru þau 998 og nú árið 2020 eru þau 968. Um 100 börn eru síðan í frístundaheimilum sem Knattspyrnufélagið Haukar og Barnaskóli Hjallastefnunnar reka. Félagsmiðstöðvar Hafnarfjarðar eru allar opnar á sama tíma og því reknar á sama grunni óháð nemendafjölda. Fjöldi stöðugilda sundlauga helst óbreyttur milli ára.

Menningarmál

Menningarmál heyra undir þjónustu- og þróunarsvið og heyra forstöðumenn Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar því undir sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs. Verkefnastjóri á þjónustu- og þróunarsviði hefur umsjón með Jólaborpi, viðburðum og menningarmálum öðrum en þeim sem forstöðumenn Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar hafa umsjón með. Hátíðarhöld á 17. júní eru í umsjón mennta- og lýðheilsusviðs. Til menningarmála er varið um 530 milljónum króna og er þá framlag til Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar meðtalið. Samningur sem gerður var við Leikfélag Hafnarfjarðar 2019 um að félagið hafi endurgjaldslaus afnot af Kapellunni í St. Jó var framlengdur til júlí 2021. Þá var í desember 2019 skrifað undir þriggja ára samkomulag við Gaflaraleikhúsið um áframhaldandi leikhússtarfsemi með áherslu á sýningar fyrir börn við Víkingastræti og er framlagið 20 milljónir árið 2021. Kostnaður vegna Bæjarbíós er einkum innri húsaleiga og hiti og rafmagn, alls um 10,5 milljónir króna. Styrkir til menningarmála sem menningar- og ferðamálanefnd úthlutar eru óbreyttir á milli ára, 12,5 milljónir króna, en að auki eru lagðar til 1,5 milljónir króna vegna bæjarlistamanns, sem er óbreytt milli ára. Samstarfssamningum um viðburða- og sýningahald í bænum hefur fjölgað en Menningar- og ferðamálanefnd getur með samþykki bæjarráðs gert samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára vegna menningarstarfsemi sem hefur sannað gildi sitt í hafnfirsku menningarlífi. Framlag vegna höggmyndagarðs er óbreytt, um þrjár milljónir króna. Framlag vegna ýmissa hátíða er 5,6 milljónir króna, og til Jólaborpsins fara 14 milljónir króna. Árið 2020 höfðu samkomutakmarkanir vegna Covid-19 umtalsverð áhrif á viðburðahald og er líklegt að svo verði eitthvað áfram.

Rekstraryfirlit:

Menningarmál – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	19	23	31
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	254	222	219
Annar rekstrarkostnaður	295	291	277
Samtals gjöld	549	513	496
Rekstrarniðurstaða	(530)	(490)	(465)

Atvinnumál

Framlag Hafnarfjarðarbæjar til Markaðsstofu Hafnarfjarðar verður um 11 milljónir króna árið 2021. Í samningi sem gerður var við MsH 2019 fluttust ferðamál til þjónustu- og þróunarsviðs. Fjárveiting til þeirra verkefna verður 5 milljónir króna 2021, en sumarið 2020 var lagður grunnur að framtíðarskipulagi áfangastaðarins. Stefnt er að því að uppfæra ásjón Hafnarfjarðar á ferðamannaskiltum, kortum og ferðamannabæklingum, þar sem ferðaþjónustan hefur mikil tækifæri til að verða áfram öflugur atvinnuvegur í Hafnarfirði þegar viðspyrna ferðaþjónustunnar mun eiga sér stað í kjölfar Covid-19.

Lífsgæðasetur St. Jó. er samfélag sem býður upp á forvarnir, heilsuvernd, snemmtæka íhlutun, fræðslu og skapandi setur. Heilsa – Samfélag – Sköpun. Framkvæmdir við endurbætur á húsinu héldu áfram á þessu ári. Gert er ráð fyrir að endurbótum verði framhaldið, þeim verði lokið á fjórðu hæð, í kjallara og sameiginlegum rýmum á árinu 2021 og að þriðja hæð verði tilbúin til innréttinga. Áætlaðar eru 280 milljónir króna í framkvæmdirnar. Leigutökum mun í kjölfarið fjölga í húsinu, sem er gleðiefni þar sem biðlisti er eftir aðstöðu í húsinu, en nú er starfsemi á annarri hæð hússins. Gert er ráð fyrir lántöku fyrir endurbótunum og að leigutekjur standi undir afborgunum og vöxtum af láninu. Stefnt er að því að Lífsgæðasetur St. Jó. verði sjálfbær rekstrareining.

Rekstraryfirlit:

Atvinnu- og ferðamál – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	13	15	1
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	52	0
Annar rekstrarkostnaður	67	50	32
Samtals gjöld	67	106	32
Rekstrarniðurstaða	(54)	(87)	(31)

Bókasafn

Bókasafn Hafnarfjarðar er þekkingarveita og fræðslustofnun sem heldur uppi virkri og fjölpætri bókasafns- og upplýsingaþjónustu. Safnið rækir hlutverk sitt með því að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og veita óheftan aðgang að upplýsingum og afþreyingu án tillits til forms eða framsetningar. Áhersla er lögð á að safnkostur endurspegli sem flest sjónarmið og að félagsleg ábyrgð safnsins felist í því að veita öllum bæjarbúum aðgengi að fjölbreyttu safnfefni og upplýsingum svo þeir geti á upplýstan hátt tekið ákvarðanir um margvísleg álitamál.

Stefnt er að því að útlán og gestir verði heldur fleiri en árið 2019; gestir verði rúmlega 116.000 og útlán verði nálægt 196.000. Ekki er hægt að miða við árið 2020, þar sem loka þurfti safninu í 12 vikur og aflýsa þurfti fjölmörgum viðburðum.

Safnkostur er rúmlega 122 þúsund eintök og árlega eru lánuð um 194 þúsund eintök til þeirra 122 þúsund gesta er heimsækja safnið. Útlán nema því um 6,5 eintökum á hvern bæjarbúa. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 10 milljónir króna. Árgjald verður óbreytt, 2.000 kr. Frá árinu 2020 hafa starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar fengið frítt lánþegakort, markmiðið er enda að ná til fleiri bæjarbúa og efla ímynd og þjónustu safnsins. Áætlað er að sú aðgerð hafi lítil áhrif á tekjur safnsins. Árið 2021 er stefnt á að viðskiptavinir bókasafnsins geti notað bókasafnsskírteini sitt á öllum bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu, þannig að eitt árgjald gildi í öll þau bóksöfn. Þetta myndi taka gildi þegar nýja bókasafnkerfið verður tekið í notkun, sem verður vonandi í lok árs 2021. Áætlað er að sú aðgerð hafi lítil áhrif á tekjur safnsins.



Stöðugildi eru 14,95 en starfsmenn eru 18. Auk þess starfa fimm tímavinnustarfsmenn hjá safninu. Öll starfsemi safnsins fer fram á Strandgötu 1. Rekstrarkostnaður safnsins er áætlaður 233 milljónir króna, þar af er launakostnaður 156 m.kr., vörukaup 31 m.kr. og þjónustukaup 55 m.kr. Stærstu kostnaðarliðir eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa og innkaup á safnefni. Haldið verður áfram að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna og upplifun gesta með endurnýjun húsgagna og breyttu skipulagi á bókasafninu. Afgreiðslutími safnsins verður til endurskoðunar árið 2021.

Unnið verður að enn fjölbreyttara viðburðahaldi bókasafnsins, svo sem með teiknimyndasmiðjum og ritsmiðjum, barnaviðburðum á laugardögum og tónlistarviðburðum. Áfram verður unnið að sameiginlegri skipulagningu og markaðssetningu viðburða menningarstofnana miðbæjarins. Safnið tekur af fullum krafti þátt í sameiginlegum viðburðum bæjarins: Björtum dögum, 17. júní hátíðahöldum, Bóka- og bíóhátíð, Safnanótt, bókmenntagöngum o.fl. Hafinn verður undirbúningur fyrir 100 ára afmæli safnsins árið 2022.

Unnið verður að því að auka þjónustu við nýbúa og hælisleitendur og hlúa vel að þeirri starfsemi sem fyrir er í safninu, t.d. þýska og pólska starfinu ásamt öðrum fjölmennningarlegum verkefnum. Áfram verður, í góðri samvinnu við Rauða krossinn, stutt við námsaðstöðina og unnið með starfsfólki bæjarins sem starfar að fjölmennningarlegum verkefnum.

Rekstraryfirlit:

Bókasafn – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	10	10	10
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	156	138	132
Annar rekstrarkostnaður	87	85	75
Samtals gjöld	243	223	207
Rekstrarniðurstaða	(233)	(213)	(197)

Byggðasafn

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Hafnarfjarðar fyrir árið 2021 hljóðar upp á 85 milljónir króna. Áætlunin skiptist í grófum dráttum þannig að launakostnaður er áætlaður 41 milljón króna og rekstrarkostnaður 44 milljónir króna. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins og miðlunarhlutverki þess nemur um 10 milljónum króna.

Byggðasafn Hafnarfjarðar starfar í almannapágu og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Það starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, safnalögum og lögum um menningarminjar. Safnið er opið almenningi á auglýstum tímum og skal auk þess kynnt nemendum allra skólastiga í samráði við skólayfirvöld. Helstu verkefni safnsins eru að byggja upp, skrá og varðveita góðan safnkost muna og ljósmynda sem varpa ljósi á sögu og menningu svæðisins samkvæmt söfnunarstefnu þess, auk þess að miðla menningu og sögu bæjarfélagsins, meðal annars með sýningahaldi og fyrirlestrum eða með öðrum þeim hætti sem henta þykir og fjárhagsáætlun safnsins



gerir kleift hverju sinni. Safnið sér um skráningu og verndun fornleifa og annarra söguminja á svæðinu í samráði og samvinnu við Minjastofnun Íslands. Þá skal safnið í samvinnu við sömu stofnun gangast fyrir nákvæmri skráningu þeirra mannvirkja á starfssvæðinu sem af bygginga- eða menningarsögulegum ástæðum hafa varðveislugildi, en skráning fornleifa og húsa er ein af forsendum skipulagsvinnu á vegum bæjarfélagsins.

Föst stöðugildi á safninu eru þrjú en að auki eru á safninu þrjár 75% stöður í þrjá mánuði á ári við yfirsetu yfir sumarið og stöður yfirsetufólks sem situr yfir sýningum um helgar, aðallega á sumrin en einnig yfir vetrarmánuðina. Auk þessa hefur safnið tekið þátt í tímabundna verkefnum „Atvinna með stuðningi“ með 40% stöðugildi. Byggðasafnið heldur að jafnaði úti níu sýningum í sex húsum ár hvert og þar af eru tvær nýjar sýningar settar upp á ári. Eldri sýningar eru uppfærðar og lagfærðar að nokkru marki ár hvert. Áfram verður unnið að eðlilegu viðhaldi og þróun fastasýninga safnsins í Pakkhúsinu, Siggubæ, Sívertsens-húsinu, Bungalowinu, Góðtemplarahúsinu og Beggubúð. Safnið stendur fyrir viðburðum af ýmsu tagi, svo sem sögu- og minjagöngum, fyrirlestraröð og jóladagskrá. Safnið er einnig þátttakandi í viðburðum eins og Safnanótt, Björtum dögum, Íslenska safnadeginum, menningargöngum, Jólaborpinu og jóladagskrá fyrir leikskóla.

Rekstraryfirlit:

Byggðasafn – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	1	1	3
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	41	35	36
Annar rekstrarkostnaður	45	44	43
Samtals gjöld	86	79	79
Rekstrarniðurstaða	(85)	(78)	(76)

Hafnarborg

Gert er ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 6,8 milljónir króna, sem er lækkun um fjórar milljónir króna. Leigutekjur drógust verulega saman á árinu 2020 og gera verður ráð fyrir áframhaldandi samdrætti á árinu 2021 vegna aðstæðna í samfélaginu. Styrkir sem Hafnarborg nýtur koma frá sjóðum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis - safnasjóði, tónlistarsjóði og myndlistarsjóði. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir og ekki er hægt að treysta á styrki úr þeim þótt ávallt sé sótt um til þeirra verkefna sem til stendur að vinna á hverju ári. Ekki er lengur styrkt til rekstrar úr safnasjóði. Sala í safnverslun miðast nú fyrst og fremst við bækur og póstkort en ekki aðrar vörur, enda vill Hafnarborg ekki vera í samkeppni við hönnunarverslanir í miðbæ Hafnarfjarðar.

Á safninu hafa að jafnaði verið 3,7 stöðugildi undanfarin ár: ein 60% staða afgreiðslufulltrúa, 50% staða umsjónarmanns fasteigna/tæknimanns og 1,6 stöður safnfulltrúa sem tveir starfsmenn skipta með sér. Forstöðumaður er í 100% starfi. Tímavinnufólk er á föstum vöktum í afgreiðslu. Fæðingarorlof og uppsöfnuð sumarleyfi hafa gert það að verkum að stöðugildi voru fleiri bæði árið 2019 og árið



2020 en í meðalári. Á árinu 2020 hlaut Hafnarborg í samstarfi við Bygðasafn Hafnarfjarðar Öndvegisstyrk úr safnasjóði að upphæð 4.000.000 árlega í þrjú ár til að efla safnfræðslu í Hafnarfirði; það fjármagn, ásamt millifærslu á starfshlutfalli eins sérfræðings og nýtingar á árlegri heimild til að ráða sérfræðing tímabundið í sérverkefni, er nýtt til að búa til eina 80% stöðu til næstu þriggja ára.

Rekstrarkostnaður fasteigna er samkvæmt þessari áætlun ríflega 56 milljónir króna. Starfsemi safnsins fer nú fram á tveimur stöðum: í safnhúsinu við Strandgötu og í fjargeymslum. Rekstur geymsluhúsnæðisins hefur viðbótarkostnað í för með sér sem nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til. Stærstu liðir rekstrarkostnaðar fasteigna eru innri og ytri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Eftir því sem safnhúsið eldist hefur viðhaldspörf aukist, t.d. vegna öryggiskerfa, lyftu, lýsingar og loftræstikerfa.

Kostnaður við kaup á búnaði er 450 þúsund krónur samkvæmt áætlun og hefur verið svo um langan tíma. Sú upphæð hefur dugað fyrir smávægilegum uppfærslum á búnaði; á árinu 2020 var t.d. keyptur nýr hljóðmixer. Gera þarf áætlun um endurnýjun tækjabúnaðar, sérstaklega til miðlunar á stafrænu efni. Nú þarf að kaupa nýja skjávarpa til stofnunarinnar sem standast kröfur samtímans. Gera má ráð fyrir að slík endurnýjun þurfi að fara fram á um fimm ára fresti, en sex ár eru liðin síðan þeir skjávarpar sem nú eru í notkun voru keyptir.

Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins, hvers konar listrænni starfsemi og miðlunarhlutverki þess, er samkvæmt þessari áætlun ríflega 20 milljónir króna, eða um 16% af rekstrarkostnaði safnsins. Helstu kostnaðarliðir eru sýningargerð, útgáfa og viðburðir. Gert er ráð fyrir uppsetningu tíu sýninga á næsta ári með tilheyrandi dagskrá við hverja þeirra, leiðsögn listamanna og sýningarstjóra, málþingum, fjölskyldusmiðjum og fleiru. Framleiðslukostnaður sýninga hefur aukist ár frá ári, faglegar kröfur eru meiri og metnaður safnsins eykst. Kostnaður vegna streymis og upptöku hefur bæst við vegna samkomutakmarkana og er mikilvægt að gert sé ráð fyrir þeim kostnaði í áætlun næsta árs. Lögð er áhersla á að ekki verði dregið úr framlögum til sýninga eða annars faglegs starfs milli áranna 2020 og 2021.

Samtals voru 8,4 milljónir áætlaðar í aðkeypta vinnu án virðisaukaskatts á árinu 2020. Á árinu 2021 er lagt til að sú upphæð verði hækkuð í 10,4 milljónir króna. Markmiðið er að standa fyrir fleiri viðburðum fyrir börn og fjölskyldur í safninu, halda áfram blómlegu tónlistarstarfi og gæta þess að listamenn fái greidda þóknun fyrir störf sín í samræmi við samninga. Listamenn fengu greitt fyrir þátttöku í sýningum á árinu 2020 í samræmi við verklagsreglur Hafnarborgar sem staðfestar eru af Sambandi íslenskra myndlistarmanna, samtals um fimm milljónir. Vinna sýningarstjóra verður í þremur tilvikum aðkeypt á árinu 2021 og þóknun verður greidd til um 15 listamanna.

2020 til 2021 er 18. starfsár hádegistónleika í Hafnarborg. Tónleikarnir eru á dagskrá yfir vetrarmánuðina fyrsta þriðjudag í mánuði og hafa verið ákaflega vel sóttir, einkum af eldri borgurum. Þar er flutt óperutónlist af fremsta listafólki landsins á því sviði. Beinn launakostnaður vegna tónleikanna er 1,2 milljónir. Tvisvar sinnum á ári eru síðan tónleikar eða aðrir viðburðir undir heitinu Hljóðön, þar sem framsækinni tónlist eru gerð skil. Hafnarborg tekur einnig þátt í kostnaði vegna þess hluta dagskrár Sönghátíðar í Hafnarborg sem er ókeypis auk þess að styrkja djasstónleikaröð með niðurfellingu á leigu og greiðslu til listræns stjórnanda.



Hafnarborg tekur þátt í Safnanótt, Björtum dögum, 17. júní, jóladagskrá o.s.frv. Aðsókn að þessum viðburðum hefur aukist milli ára og gengur samstarf milli stofnana vel. Talsverður kostnaður fylgir þátttöku í þessum viðburðum, fyrst og fremst vegna launa og leigu á tækjabúnaði, en ekki hafa komið til sérstök framlög vegna þess. Á árinu 2019 gekk Hafnarborg til liðs við verkefnið Heilsubærinn Hafnarfjörður og mun í starfsemi sinni leggja áherslu á hlut menningarþátttöku í andlegri heilsu.

Sérstaklega þarf að skoða þá upphæð sem áætluð er í aðkeyptan akstur. Við færslu á geymsluhúsnæði er viðbúið að kostnaður við flutninga hækki; auk þess hefur ýmiss konar umsýsla með listaverk aukist, bæði hvað varðar útlán á verkum í stofnanir bæjarins og vegna sýninga. Lögð er áhersla á öryggi verka við flutninga og því fengnir fagmenn á sviði listaverkaflutninga til að sinna þessum þætti.

Varðveisla og viðhald safneignar er áfram 600 þúsund krónur, sem gerir það að verkum að hægt er að halda áfram vinnu við að koma fleiri verkum í sýningarhæft ástand. Í flutningum í nýjar geymslur hefur ýmislegt komið í ljós sem þarfnast viðhalds.

Annar kostnaður við rekstur safnsins er ríflega þrjár milljónir króna og vegur þar þyngst kostnaður við auglýsingar, en lagt er til að hætt verði að senda pappírsboðskort á árinu 2021 og sá kostnaður sem sparast verði færður á auglýsingalið. Kostnaður vegna aðildar safnsins að Sarpi er um 600.000 á ári; aðildargjöld að Sarpi hækka samkvæmt vísitölu og þarf að gera ráð fyrir þeirri hækkun í fjárhagsáætlun en það hefur ekki verið gert undanfarið.

Rekstraryfirlit:

Hafnarborg – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	7	11	16
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	55	49	46
Annar rekstrarkostnaður	87	86	89
Samtals gjöld	142	135	135
Rekstrarniðurstaða	(135)	(124)	(119)

Mannauður:

Menningarmál	Fjöldi stöðugild a 2021	Fjöldi starfsm. 2021	Fjöldi stöðugil da 2020	Fjöldi starfsm. 2020	Fjöldi stöðugil da 2019	Fjöldi starfsm. 2019
Bókasafn	14,95	17	14,95	17	14,95	17
Byggðasafn	3,4	7	3,4	7	3,4	7
Hafnarborg	5,2	9	4,7	9	4,7	9
Samtals	23,55	33	23,05	33	23,05	33

Brunamál og almannavarnir

Í málaflokknum er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um 273,7 milljónir króna og til Björgunarsveitar Hafnarfjarðar um 48,9 milljónir króna, en hluti af því er í formi niðurgreiðslu fasteignagjalda. Framlag til Slökkviliðsins hækkar um 22% frá árinu 2020.

Rekstraryfirlit:

Brunamál og almannavarnir – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	296	247	240
Samtals gjöld	296	247	240
Rekstrarniðurstaða	(296)	(247)	(240)

Hreinlætismál

Hreinlætismál

Hafnarfjarðarkaupstaður er aðili að SORPU bs., sem hefur það hlutverk að annast meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin. Kubbur ehf. annast sorphirðu frá heimilum í sveitarfélaginu og var verkið boðið út árið 2013 til átta ára. Við heimili er tekið bæði blandað heimilissorp, plast og pappír. Framlag til SORPU hækkar um 26 milljónir króna, eða um 14%, og framlag vegna sorphirðu heimilissorps og eyðingar hækkar um 52 milljónir króna, eða um 22%. Í sveitarfélaginu eru reknar sjö grenndargámastöðvar. Einnig er í sveitarfélaginu endurvinnslustöð SORPU á Breiðhelli og er þar tekið á móti öllum flokkum úrgangs. Framlög til hreinlætismála eru vegna heilbrigðiseftirlits og sorps. Gert er ráð fyrir að innheimt sorphirðugjöld standi undir kostnaði við sorphreinsun, flokkun og eyðingu. Áætlað er að fjármagn til Heilbrigðiseftirlits hækki um tvær milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Hreinlætismál – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	551	482	439
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	575	504	463
Samtals gjöld	575	504	463
Rekstrarniðurstaða	(24)	(22)	(24)



Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimildir til fjárfestinga í skipulags- og byggingarmálum verða 84 milljónir króna á árinu 2021. Stefnt er að því að ljúka endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Við þá endurskoðun verður megináhersla lögð á samræmingu við hugmyndir um þéttingu byggðar, bættar almenningssamgöngur og breytta landnotkun sem af því leiðir, enduruppbyggingu á eldri iðnaðar- og athafnasvæðum og sjálfbærni.

Skipulagsvinna við ramma- og deiliskipulag við Hamranes, sem hófst á síðasta ári, mun halda áfram. Þar er gert ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð og þjónustustarfsemi. Jafnframt er boðið upp á svokallaða þróunarreiti, þar sem framkvæmda- og hagsmunaaðilar koma í upphafi að skipulagsferlinu og þróun byggðar. Með tilkomu Ásvallabrautar og endurgerð Kaldárselsvegar opnast möguleikar á vinnu við byggingu og þróun byggðar í Vatnshlíðar- og Áslandshverfi eins og núverandi aðalskipulag gerir ráð fyrir. Við þá vinnu þarf þó að taka mið af þróun mála hjá Landsneti varðandi breytingar á veitukerfum, en Hnoðraholtslína og Hamraneslínur standa í vegi fyrir uppbyggingu á þessum svæðum. Þarna mætti vinna að nýjum sérbýlishverfum. Sérbýli og fjölbýli eiga að vera valkostur sem búsetuform, þó svo að samfélagsumræðan snúist að nokkru um litlar fyrstu íbúðir.

Stefnt er að því að lóðir í Hamranesi verði byggingarhæfar snemma á árinu 2021. Breytingum á deiliskipulagi í Hellnahrauni, 3. áfanga, er lokið. Jafnframt þarf að hefja vinnu og undirbúning á deiliskipulagi nýrra iðnaðar- og athafnasvæða. Skortur er á góðum iðnaðar- og athafnalóðum á höfuðborgarsvæðinu sem tengjast vel umferðaræðum og hafnarsvæði. Unnið er að breytingum á núverandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar og nýju deiliskipulagi hennar, í samvinnu við Vegagerðina, vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á fyrri hluta árs 2022. Tvöföldun Reykjanesbrautar veldur því að Hafnarfjörður verður sterkur valkostur fyrir stærri iðnfyrirtæki, og m.a. þess vegna er nauðsynlegt að þróa áfram skipulag iðnaðar- og athafnasvæða.

Rammaskipulagi Flensborgarhafnar er lokið. Hafin er vinna við breytingar á landnotkun svæðisins m.t.t. þeirra hugmynda sem samþykktar voru í rammaskipulagi Flensborgarhafnarinnar. Þar er gert ráð fyrir talsverðum breytingum á svæðinu næst Flensborgarhöfn og verulega bættum tengingum við miðbæ Hafnarfjarðar. Þessu fylgir talsverð skipulagsvinna sem lýtur að endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar, deiliskipulagi nýrra reita og endurskoðun á aðliggjandi gildandi deiliskipulögum er ná til og tengjast hafnarsvæðinu. Vinna við endurskoðun á deiliskipulagi miðbæjarins frá 2001 er hafin. Fyrir liggur húsakönnun og úttekt á vægi gildandi skilmála. Hugmyndavinna liggur fyrir. Starfandi er vinnuhópur sem tekur mið af þeirri hugmyndavinnu og væntanlegri markmiðasetningu. Í þessari vinnu er stefnt að því að tengja þessi tvö svæði betur saman frá bæði umferðartæknilegu og atvinnu- og þjónustusjónarmiði. Þá þarf að taka á umferðar- og bílastæðamálum miðbæjarins og jafnframt auka öryggi hjólandi sem og gangandi vegfarenda.

Deiliskipulagsvinnu Vesturbæjar, þar sem unnið er út frá sjónarmiðum um verndarsvæði í byggð, verður lokið á árinu 2021. Markmið deiliskipulags Vesturbæjar er aftur á móti að styrkja og tryggja að eldri byggð Hafnarfjarðar haldi sérkennum sínum og auki á hróður Hafnarfjarðar sem bæjarins í hrauninu sem jafnframt bjóði upp á góðar almenningssamgöngur.



Haldið verður áfram vinnu við deiliskipulagsgerð einstakra reita, sem meðal annars er getið í skýrslu þéttingarhóps frá 2016. Koma þá til skoðunar lausnir sem taka mið af því byggðarmynstri sem einkennir aðliggjandi byggð viðkomandi þéttingarreita. Markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins hvað varðar uppbyggingu og þéttingu byggðar við miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði er að hlutfall íbúðarbyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66%. Landsvæðið Hraun – Vestur liggur einnig að fyrirhuguðum samgönguás Borgarlínu, sem styrkir markmið svæðisskipulagsins.

Drög að rammaskipulagi Hraun – Vestur voru samþykkt í skipulags- og byggingarráði á vormánuðum 2018. Gert er ráð fyrir verulegri breytingu á þessu svæði á næstu árum. Samþykkt hefur verið deiliskipulag fyrir einn reit á svæðinu sem tekur mið af rammaskipulaginu frá 2018. Einstaka hópar og lóðarhafar eru að skoða deiliskipulagsvinnu á reitum á svæðinu. Lögð er áhersla á aukið byggingarmagn og bættar umferðartengingar og almenningssamgöngur. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir í samræmi við nýtt deiliskipulag á svæðinu Hraun – Vestur hefjist á árinu 2020.

Mikil ásókn hefur verið í breytingar og endurnýtingu þess svæðis sem hér er nefnt Hraun – Austur og hefur byggðin þar verið að þróast með sambærilegum hætti og á svæðinu Hraun – Vestur. Ekkert eiginlegt heildardeiliskipulag liggur fyrir. Hefja þarf vinnu við nýtt deiliskipulag fyrir svæðið í kjölfar endurskoðunar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Taka þarf deiliskipulag í eldri hverfum Hafnarfjarðar til endurskoðunar, m.a. vegna breytinga sem orðið hafa á laga- og regluverki er lýtur að byggingar- og skipulagsmálum. Breytingar á samfélagsgerð og lífnaðarháttum kalla jafnframt á slíka endurskoðun.

Hefja þarf vinnu við deiliskipulag í upplandi Hafnarfjarðar. Aukin ásókn í útivist og tómstundir tengdar því kalla á slíkt. Endurskoða þarf deiliskipulag efnistökusvæðis við Hamranes, umhverfi Hvaleyrarvatns og svæði Íþ7 með það í huga að skapa þar samhangandi svæði útivistar, tómstunda og íþróttar með góðum og aðlaðandi göngu- og hjóleiðum. Unnið var breytt deiliskipulag bílastæða við Kaldársel, m.a. til að koma til móts við aukna ásókn, og því er m.a. nauðsynlegt að halda áfram skipulagsvinnu hvað útivist varðar. Fyrir liggja nokkrar umsóknir frá félagasamtökum og áhugahópum um frístundastarf og útivist sem samræmast þeirri landnotkun sem gert er ráð fyrir í upplandinu.

Rekstraryfirlit:

Skipulags- og byggingarmál m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	59	59	73
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	115	113	108
Annar rekstrarkostnaður	82	76	78
Samtals gjöld	197	189	186
Rekstrarniðurstaða	(138)	(130)	(113)

Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála hækkar um 28 milljónir króna á milli ára. Innri leiga gatnakerfisins hækkar um 12 milljónir króna og framlag til almenningssamgangna, það er Strætó, um 16 milljónir króna, eða 4%. Á þessu ári var tekið í notkun nýtt innanbæjarleiðakerfi auk þess sem leið 21 hóf akstur frá Háholti.

Rekstraryfirlit:

Umferðar- og samgöngumál – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	1.071	1.043	950
Samtals gjöld	1.071	1.043	950
Rekstrarniðurstaða	(1.071)	(1.071)	(950)

Umhverfismál

Reiknuð hlutdeild umhverfismála í rekstri er vegna opinna svæða og hækkar um 19 milljónir króna, vegna aukins viðhalds og 2,5 milljóna króna hækkunar samnings við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar.

Rekstraryfirlit:

Umhverfismál – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	187	168	146
Samtals gjöld	187	168	146
Rekstrarniðurstaða	(187)	(168)	(146)



Sameiginlegur kostnaður

Stjórnsýslusvið er stoðsvið ásamt fjármálasviði og þjónustu- og þróunarsviði. Stjórnsýslusvið sinnir ráðgjöf á sviði persónuverndar, lögfræði, mannauðsmála, skjalavistunar og gæðamála. Þá heyrir Lífsgæðasetur St. Jó. undir stjórnsýslusvið. Á árinu var ráðið í viðbótarstöðugildi í lögfræðiteymið, sem mun efla teymið og lögfræðiráðgjöf.

Á árinu hefur fræðsla til starfsmanna verið eflað með innleiðingu fræðslukerfisins Eloomi, sem miklar vonir eru bundnar við. Unnið var að innleiðingu þess í sumar. Væntingar eru til þess að fræðsla til starfsmanna aukist með tilkomu Eloomi og verði starfsmönnum aðgengilegri. Áfram er gert ráð fyrir líkamsræktarstyrkjum, jölagjöfum og starfsaldursviðurkenningum til starfsmanna.

Á árinu 2021 er gert ráð fyrir að flytja skjalasafn sveitarstjórnarskrifstofunnar úr bráðabirgðahúsnæði í kjallara Engidalsskóla yfir í hentugt framtíðarhúsnæði. Er það ánægjulegt að sjá loks fram á að unnt verði að uppfylla þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til skjalageymslu. Áfram verður unnið að rafrænni skjalavörslu og er stefnt að því að fá samþykkt Þjóðskjalasafns Íslands til rafrænnar skjalavörslu sveitarstjórnarskrifstofu árið 2021.

Nýjar uppfærslur á skjalakerfi, fundarkerfi og fundargátt bæjarfulltrúa ættu að auðvelda upplýsingaleit sem og birtingu fundargerða á vef sveitarfélagsins. Kostnaður stjórnsýslusviðs er nánast óbreyttur á milli ára að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir kostnaði við flutning á skjalasafni í framtíðarhúsnæði.

Nokkrir starfshópar skipaðir af bæjarráði störfuðu á árinu; einn hópur hefur skilað af sér en aðrir munu starfa áfram á næsta ári:

- Kaplakrikahópur, skilaði af sér í júní 2020
- Sólvangur hjúkrunarheimili
- St. Jó. framkvæmdahópur
- Miðbær, deiliskipulag
- Krýsuvík, framtíðarnýting
- Rýnihópur Jólaborpsins
- Ásvellir, uppbygging
- Barnvænt samfélag
- Húsnæði stjórnsýslunnar
- Uppbygging á athafnasvæði Sörla

Árið 2020 var fyrsta heila starfsár nýs þjónustu- og þróunarsviðs. Verkefni sviðsins snúa ekki síst að stafrænum umbreytingum sem fela í sér breytingar á þjónustuferlum, að gera þjónustu bæjarins skilvirkari, auka sjálfvirkni og stytta afgreiðslu erinda og fyrirspurna sem bænum berast. Markmiðið er einnig að koma betur til móts við innflytjendur og aðra sem hafa ekki íslensku að móðurmáli. Hagnýta á möguleika upplýsingatækninnar við að gera aðgang að upplýsingum greiðari og samskipti íbúa og bæjarins einfaldari.



Verkefni nýs sviðs hafa verið fjölbreytt og mörg á árinu. Unnið hefur verið út frá tillögum sem komu fram í stjórnsýsluúttekt Capacent frá 2019. Meðal verkefna sem hafa verið tekin föstum tókum þar er innleiðing ábendingagáttar, mótun þjónustuáherslna, forgangsörðun þjónustuverkefna, vinna í þjónustu- og stjórnsýsluferlum og styrking Workplace sem innri samskipta- og upplýsingamiðils. Framantalin verkefni hafa gengið vel; ábendingagátt nýtur vinsælda hjá bæjarbúum og hefur gjörbreytt ferli ábendinga. Notkun Workplace hefur stórauðist milli ára (60–70% aukning) og ferlavinnan hefur aukið gagnsæi og gert þjónustuna skilvirkari. Ferlavinnan verður áfram fyrirferðarmikil á árinu 2021.

Stafræn verkefni hafa verið fjölmörg á árinu, stór sem smá. Heildarfjármagn í stafræn verkefni hækkar um 15 milljónir króna milli ára og verður alls um 55 milljónir króna. Reiknivélar hafa verið innleiddar til að veita svör við oft flóknum gjaldskrá. Sorphirðuuppfletting, lifandi tölfraði um fjölda í sundlaugum, opin mælaborð um umferð á vefjum bæjarins, endurnýjun leitarvélar á www.hafnarfjordur.is, ný framsetning á skóladagatölum grunnskóla og rafrænar undirritanir hafa hafið innreið sína í ráðningarmálum og við gerð samninga. Nýr vefur Byggðasafns verður opnaður fyrir árslok 2020.

Fyrstu skref í verkefninu Snjallbærinn Hafnarfjörður (e. Smart City) voru tekin á árinu með umhverfis- og skipulagssviði í samstarfi við fyrirtækið Lýsir í Hafnarfirði. Verkefnin ganga út að nýta upplýsingatæknina til að auka gæði og skilvirkni þjónustunnar og koma á enn betri samskiptum við íbúa. Fyrstu verkefnin voru veðurstöð, loftgæðamælar og snjallar ruslatunnur auk þess sem til skoðunar er að setja upp „heita reiti“ með opnu neti innan Hafnarfjarðar. Lagt verður mat á þessi verkefni árið 2021 og fleiri snjallverkefni verða skoðuð.

Þjónusta og upplýsingagjöf til innflytjenda hefur verið stórauðin á árinu í góðu samstarfi fjölmenningarfulltrúa og starfsfólks af öllum sviðum. Nýr vefur á ensku leit dagsins ljós og bjóða allir grunnskólavefir og fleiri stofnanavefir nú upp á þýðingarvirkni yfir á fjölmörg tungumál. Hafinn er undirbúningur að endurgerð á Mínun síðum sem verða í boði á ensku og pólsku í nýrri útgáfu. Markmið er að opna nýjar Mínar síður árið 2021.

Unnið er að innleiðingu nýrra lausna í miðlun fundargerða í skipulags- og byggingamálum. Í vinnslu er ný kortasjá sem mun efla til muna miðlun upplýsinga um skipulagsmál, umhverfismál og þjónustu. Einnig er í vinnslu nýr hönnunarstaðall og hönnunarkerfi sem mun auðvelda og gera alla hönnunarvinnu mun hagkvæmari og hraða vinnu í stafrænum sem og öðrum hönnunarverkefnum. Byggðamerki bæjarins, vitinn, hefur verið lagað að nýjum stafrænum tímum.

Kostnaður við rekstur þjónustuvers er áætlaður 55,7 milljónir króna, sem er að langstærstu leyti launakostnaður, eða 54,5 milljónir króna. Unnið verður áfram að valdeflingu þjónustuvers með fleiri verkefnum sem eru nú leyst í fyrstu snertingu. Meðal verkefna sem eru nú leyst í þjónustuveri eru afgreiðsla frístundastyrkja til eldri borgara, aukin upplýsingagjöf um stöðu mála í félagsþjónustu, afgreiðsla beiðna um ný lykilord, uppfærsla upplýsinga í nýrri kortasjá, umsjón með innleiðingu rafrænna undirritana og umsjón með nýrri ábendingagátt.

Á næstu misserum verður samstarf sveitarfélaga og ríkis í stafrænni þróun það sem mun skila sveitarfélagi okkar mestum ávinningi. Árið 2020 hefur farið í að móta

samstarfið, hefja undirbúning að fyrstu verkefnum í slíku samstarfi og taka ákvörðun um fyrsta samstarfsverkefni Stafræns Íslands og sveitarfélaganna. Samtal hefur einnig átt sér stað við Skattinn um aðgengi að vefþjónustum um skattaupplýsingar sem munu stórbæta þjónustu og einfalda ferli í umsóknum um þjónustu sem eru tekjutengdar.

Vakin er athygli á því að á vef bæjarins má finna blogg þar sem fjallað er um stafrænt ferðalag bæjarins.

Þróunar- og tölvudeild gegnir lykilhlutverki í stafrænu umbreytingaferli og verkefnum tengdum Snjallbænum Hafnarfirði. Rekstrarkostnaður deildarinnar er áætlaður 369 milljónir króna á árinu, þar af eru vörukaup 120 m.kr. og þjónustukaup 185 m.kr. Grunnurinn að bættri stafrænni þjónustu hefur verið styrktur með því að stórefla netkerfið og endurnýjun búnaðar á árinu, sem hefur skilað sér í auknum hraða og meiri stöðugleika í netumferð. Kvartanir vegna netvandamála eru hverfandi. Á árinu var hafin innleiðing á skýjalausninni Office365, sem styður við markmið um aukið öryggi, samvinnu, aðgengi og sveigjanleika. Notendaþjónusta og verkefnastýring var eflað á árinu með samvinnu þvert á öll svið bæjarins og við önnur sveitarfélög. Mörg verkefni komu upp í tengslum við fjarvinnu vegna Covid-19, m.a. með innleiðingu Teams-lausnarinnar. Stór hluti starfsfólks í stjórnsýslu vann í fjarvinnu á árinu og deildin studdi við það m.a. með fartölvuvæðingu og umbótum á fjartengingum (VPN). Netglæpir eru vaxandi ógn við öryggi og orðspor fyrirtækja og stofnana, en bærinn varð fyrir tjóni af þeim völdum á árinu og hefur í kjölfarið farið í ýmsar ráðstafanir til að verjast slíkum glæpum í framtíðinni, m.a. með því að hraða innleiðingu á Office365-skýjalausninni.

Upplýsingamiðlun hefur verið öflug á árinu, með birtingu á um 350 fréttum. Lestur fréttu á vef bæjarins hefur aukist um 49%. Þetta er í samhengi við aukna kröfu um aukinn sýnileika og kynningu á verkefnum sveitarfélagsins þvert á öll svið, svo sem varðandi það að laða að nýja starfsmenn í skóla- og félagsþjónustu, kynningu á nýjum hverfum, lóðasölu og að vekja athygli á bænum sem ferðamannastað. Þetta hefur kallað á aukin útgjöld við framleiðslu og útgáfu efnis, auglýsingabirtingar og sýnileika á samfélagsmiðlum og öðrum netmiðlum. Miðlunarleiðum fjölga og er bærinn í auknum mæli farinn að nýta leiðir eins og myndbönd og hlaðvörp til að koma þjónustu og upplýsingum á framfæri. Unnið var að nýjum hönnunarstaðli á árinu og verður hann innleiddur árið 2021 í áföngum. Með nýjum hönnunarstaðli verður framsetning og útlit á útgefnu efni, merkingar á fasteignum og farartækjum og allt kynningarefni samræmt auk þess sem byggðamerkið, vitinn, verður lagað að nýjum tímum. Keyptur var hugbúnaður fyrir myndabanka á árinu og sumarið nýtt með námsmönnum til innsetningar á efni. Vonast er til að nýr ljósmyndabanki komi fyrir augu bæjarbúa árið 2021. Framlag til upplýsinga- og kynningarmála er tæplega 37 milljónir króna og er óbreytt milli ára. Kostnaður vegna vinabæjasamskipta verður óbreyttur árið 2021, eða tvær milljónir króna. Beiðnum um ný vinabæjasamskipti hefur fjölgað en ekki hefur verið tekin ákvörðun um fjölgun vinabæja.

Engar breytingar á starfsmannafjölda urðu á þjónustu- og þróunarsviði á árinu, en sviðið naut öflugs stuðnings nemenda í nýsköpunarverkefnum á árinu í tengslum við aðgerðaáætlun bæjarstjórnar sumarið 2020. Mörg góð verkefni voru unnin í stofnunum á sviðinu sem og í stafrænni þróun, upplýsingamiðlun og ferðamálum.



Rekstraryfirlit:

Stjórnsýslusvið, fjármálasvið og þróunar- og þjónustusvið m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	81	94	74
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	744	751	674
Lífeyrisskuldbinding	1.069	1.092	612
Annar rekstrarkostnaður	873	871	724
Samtals gjöld	2.686	2.714	2.010
Rekstrarniðurstaða	(2.607)	(2.620)	(1.936)

Mannauður:

Stjórnsýslu- og fjármálasvið	Fjöldi stöðugilda 2021	Fjöldi starfsm. 2021	Fjöldi stöðugilda 2020	Fjöldi starfsm. 2020	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsm. 2019
Bæjarskrifstofa	33,5	35	33,5	35	31,5	32,25
Þróunar- og tölvudeild	5,3	6	5,3	6	6,3	7
Þjónustuver	6	7	6	7	6,9	7
Samtals	44,8	48	44,8	48	44,7	46,25

Eignasjóður

Fráveita, Vatnsveita og Húsnæðisskrifstofa leggja til fé vegna umsýslu sinna eininga inn í A-hluta. Fráveita og Vatnsveita greiða tæpar 39 milljónir króna hvor og Húsnæðisskrifstofa 24 milljónir króna. Launaáætlun er byggð á kjarasamningum og starfsmati. Heildarlaunakostnaður er 399 milljónir króna og hækkar um 36 milljónir króna milli ára.

Á undanförunum árum hefur jafnt og þétt verið aukið við viðhaldsfé til fasteigna og lóða bæjarins, en þessi liður var mikið skorinn niður eftir hrun. Heildarviðhaldsfé fyrir fasteignir og lóðir var aukið verulega á árinu 2018, eða um 200 milljónir króna milli ára. Fjármagn til viðhalds fasteigna stendur í stað á árinu 2021 en þó má nefna að ríkið er búð er að samþykkja endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu fyrir árið 2021, sem eykur í raun fjármagn til viðhalds. Unnin hefur verið ítarleg skýrsla vegna viðhalds eigna á sviðinu og nýtist hún við gerð viðhaldsáætlana fyrir hverja stofnun fyrir sig. Stefnt er að því að undirbúningsvinna við útboð á viðhaldi eigna bæjarins hefjist strax í desember 2020, eftir að fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt. Útboð fari síðan fram snemma árs 2021. Unnin verður nákvæm tímasett áætlun um hvenær viðhald fer fram í einstökum stofnunum bæjarins.



Viðhald skiptist sem hér segir:

Áætlað fjármagn 2021	% skipting	upphæð í kr.
Skólar	37,5%	174.732.260
Leikskólar	15,0%	69.801.660
Sundlaugar/íþróttahús	23,5%	109.492.800
Annað húsnæði	16,0%	74.363.860
Ófyrirséð	8,0%	37.329.420
Samtals	100%	465.720.000

Rafmagnskaup sveitarfélagsins voru boðin út 2020 og var útboðið bænum tiltölulega hagstætt. Hækkun á rafmagni og hita vegna reksturs sviðsins sem tengist útboði og verðlagsþróun er um átta milljónir króna, eða um 5%. Á árinu 2018 var að nýju farið að veita styrki til íbúa til glerskipta vegna umferðarhávaða frá umferðarmiklum vegum í sveitarfélaginu. Til verkefnisins eru áætlaðar átta milljónir króna. Íbúar sækja um styrk og eru umsóknirnar síðan metnar samkvæmt reglum sem bæjarstjórn samþykkir.

Hirðing á hrossataði frá hesthúsum í Hlíðarþúfum er nú áætluð um 12 milljónir króna. Hefur hún hækkað um tvær milljónir króna milli ára og er það vegna aukins umfangs á svæðinu og hækkunar á kostnaði vegna hreinsunar. Hestamenn greiða fyrir þessa þjónustu bæjarins.

Viðhald gatna og gönguleiða er boðið út að mestu, sem og merkingar gatna. Fyrir árið 2021 er áætluð um 191 milljón króna í þessa liði, sem er aukning um þrjár milljónir króna milli ára, eða 2%. Enn er nokkur uppsöfnuð viðhaldsþörf í gatnakerfi bæjarins en mikið hefur þó áunnist síðustu ár. Haldið verður áfram með fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni. Vegna fjölgunar heimsóknna í uppland sveitarfélagsins er kostnaður við heflun gatna hækkaður um þrjár milljónir króna, eins er kostnaður við rekstur jarðvegstippsins hækkaður um 3,5 milljónir króna vegna aukinna umsvifa í framkvæmdum í bænum.

Í sumar var tekin í notkun ný innanbæjarleið í Hafnarfirði og samhliða því þurfti að færa til biðstöðvar og biðskýli. Á næsta ári verður haldið áfram að fjölga biðskýlum í bænum í samræmi við fjölda innstiga á hverri biðstöð fyrir sig. Þar sem flest innstig eru koma ný biðskýli.

Snjómokstur og hálkuvarnir eru unnin að mestu með tækjum og af starfsfólki sveitarfélagsins en einnig eru tæki verktaka tiltæk þegar mest snjóar. Hluti snjóruðnings og hálkuvarna á stígum er í verktöku. Kostnaður vegna snjómoksturs og hálkuvarna gatna og stíga er áætlaður um 75 milljónir króna árið 2021. Raunkostnaður hefur verið á bilinu 28–50 milljónir króna síðustu ár. Fyrir árið 2021 eru áætlaðar um 123 milljónir króna til viðhalds og reksturs á opnum svæðum, sem er aukning um þrjár milljónir króna, eða um 2%. Umhverfis- og auðlindastefna bæjarins sem samþykkt var vorið 2018 fékk úthlutað fé á þessu ári til að vinna að hinum ýmsu verkefnum á aðgerðaáætlun hennar, svo sem kolefnisjöfnun, endurheimt votlendis og mælingar á örplasti. Miðað er við að sama upphæð verði til þeirra verkefna árið 2021, eða 15 m.kr.

Meira hefur verið lagt í snyrtingu bæjarins, og þá sérstaklega miðbæjarins, á síðustu árum. Áfram verður lögð áhersla á hreinsun miðbæjarins, verkferlar verða gerðir skýrari og ábyrgð skilgreind. Haldið verður áfram með uppbyggingu og lagfæringar í Hellisgerði og á Víðistaðatúni, en undanfarin ár hefur verið unnið við ýmis verkefni á þessum stöðum. Starfshópur vegna Hellisgerðis hefur lokið störfum, en stefnt er á að á 100 ára afmæli Hellisgerðis árið 2023 verði búið að gera garðinn fallegri og snyrtilegri. Umhverfissvæðin verður áfram auglýst á árinu 2021, en hún hefur hjálpað mjög til við að hreinsa opin svæði í bænum. Jafnframt vinnur þjónustumiðstöð að hreinsunarmálum. Haldið verður áfram með viðhald á leiksvæðum og opnum svæðum, en reglulega eru gerðar úttektir á svæðunum og verkefnum síðan raðað í forgangsroð eftir mikilvægi. Viðurkenningar fyrir snyrtilega og fallega garða og umhverfi verða áfram veittar.

Unnið hefur verið við frágang í Seltúni í Krýsuvík undanfarin ár og verður þeirri vinnu haldið áfram næsta sumar. Haldið verði áfram með vinnu vegna Leiðarenda með það að markmiði að gera hellinn aðgengilegri fyrir þá sem vilja skoða hann. Eins er unnið að því að bæta aðstöðu við Krýsuvíkurborg. Bílastæðin í Kaldárseli eru einnig í endurskoðun með það í huga að stækka þau vegna álags.

Sláttur á opnum svæðum verður áfram boðinn út að hluta eins og áður. Með þessu á bæjarvinnan auðveldara með að sinna slætti á öðrum svæðum, en nokkuð hefur bæst við af svæðum samhliða frágangi í nýjum hverfum. Beðahreinsun verður aftur boðin út, en með því ætti Vinnuskólinn að eiga auðveldara með að viðhalda beðunum á öðrum stöðum meðan hann starfar. Haldið verður áfram að halda við leiksvæðum.

Viðhald hjá eignasjóði frá árinu 2015:

Viðhald þús.kr.	Raun-kostnaður 2015	Raun-kostn. 2016	Raun-kostn. 2017	Raun-kostn. 2018	Raun-kostn. 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Viðhald húsnæðis og búnaðar	245.893	250.278	287.582	485.104	590.615	465.720	465.720
Viðhald gatnasvæða	139.523	147.917	160.508	168.014	197.294	188.736	190.961
Viðhald opinna svæða	68.825	79.178	90.008	111.952	119.812	123.319	126.319

Rekstraryfirlit:

Eignasjóður – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	4.490	4.540	4.105
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	400	377	350
Annar rekstrarkostnaður	1.934	1.834	1.942
Afskriftir	847	754	706
Fjármagnsliðir	1.560	1.630	1.672
Samtals gjöld	4.741	4.595	4.670
Rekstrarniðurstaða	(251)	(55)	(565)

Vatnsveita

Rekstur Vatnsveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Vatnsveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu, 38,9 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar umsýslu miðlægt fyrir Vatnsveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnsýslu og stjórnun. Haldið verður áfram að vinna að sameiginlegum málum vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstraryfirlit:

Vatnsveita – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	451	439	461
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	71	64	59
Annar rekstrarkostnaður	114	162	137
Afskriftir	64	66	62
Samtals gjöld	249	292	258
Rekstrarniðurstaða	202	147	203

Fráveita

Fráveita

Kostnaður við rekstur fráveitu hækkar frá fyrra ári. Hækkunin skýrist annars vegar af viðhaldi útrásar, en vegna mikilla strauma og erfiðra aðstæðna hefur mikið af steypufestingum ýmist færst til eða farið á hliðina. Um er að ræða 19 milljóna króna hækkun. Hins vegar er gert ráð fyrir þriggja milljóna króna hækkun í viðhaldi áhalda og búnaðar. Þessi hækkun skýrist af tjóni á búnaði sem varð þegar sjór flæddi inn í tankinn við Óseyri. Fráveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagssviðs, 38,9 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar miðlægrar umsýslu fyrir Fráveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnsýslu og stjórnun.

Rekstraryfirlit:

Fráveita – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	890	865	852
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	39	37	36
Annar rekstrarkostnaður	187	208	204
Afskriftir	96	98	90
Fjármagnsliðir	112	133	144
Samtals gjöld	435	477	474
Rekstrarniðurstaða	455	388	378



Húsnæðisskrifstofa

Hafnarfjarðarbær á 265 íbúðir sem eru reknar af Húsnæðisskrifstofu og átta íbúðir sem leigðar eru til endurleigu, þar af fimm frá Íbúðalánasjóði og þrjár frá Framlínunni. Einnig komu inn tvær íbúðir sem eru í eigu Skarðshlíðar íbúðafélags. Samtals eru þetta 275 íbúðir. Starfsmenn Húsnæðisskrifstofu sjá einnig um viðhaldsmál á 40 einstaklingsíbúðum á Norðrhellu 15 og 17, en þar eru hælisleitendur til húsa.

Á árinu 2019 voru keyptar sjö íbúðir og keyptar hafa verið þrjár íbúðir það sem af er þessu ári. Fasteignamarkaðurinn hefur verið erfiður á þessu ári og lítið framboð af eignum sem hafa hentað Húsnæðisskrifstofunni.

Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda. Þess vegna er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 500 milljónir króna á ári til fjárfestingar í kerfinu á árunum 2021–2024. Stefnt er að því að kaupa um 12–14 íbúðir á ári miðað við að meðalverð íbúðar sé nálægt 37 milljónum króna. Lögð hefur verið áhersla á að kaupa 2–3 herbergja íbúðir en biðlistar eru eftir þeim íbúðum. Leiguverð íbúða Hafnarfjarðarkaupstaðar var í október 2020 1.610 kr./m² og er það bundið vísitölu og breytist á milli mánaða.

Rekstrarkostnaður þessara íbúða felst helst í almennu viðhaldi, svo sem málun og viðhaldi á innréttingum og gólfefni. Jafnframt er tekið þátt í viðhaldi sameigna og utanhússviðhaldi. Þegar íbúðir skipta um leigjendur eru þær teknar út og farið í allsherjar viðhald. Kostnaður við þessa liði hefur aukist nokkuð vegna meiri veltu á íbúðum. Þá eru húsfélög að taka við sér og er vöxtur vegna viðhalds á sameignum frá því sem verið hefur undanfarin ár. Heildarviðhaldsfé er um 87 milljónir króna auk viðbótarfjár vegna meiriháttar viðhalds á tveimur eignum upp á 47 milljónir króna.

Kostnaður við viðhald íbúða Húsnæðisskrifstofu:

Þúsundir kr.	Raunk. 2015	Raunk. 2016	Raunk. 2017	Raunk. 2018	Raunk. 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Viðhald íbúða í Húsnæðisskrifstofu	62.938	51.682	74.271	85.309	79.100	86.600	133.600

Húsnæðisskrifstofa greiðir hlutdeild af kostnaði til umhverfis- og skipulagssviðs og fjölskyldu- og barnamálasviðs, alls 24 milljónir króna. Verið er að færa raunkostnað vegna starfsmanna sviðanna á málaflokkinn.

Rekstraryfirlit:

Húsnæðisskrifstofa – m.kr.	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	465	469	391
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	266	217	219
Afskriftir	68	69	63
Fjármagnsliðir	171	183	163
Samtals gjöld	505	469	445
Rekstrarniðurstaða	(40)	0	(54)

Mannauður:

Umhverfis- og skipulagssvið	Stöðugildi 2021	Starfsmenn 2021	Stöðugildi 2020	Starfsmenn 2020	Stöðugildi 2019	Starfsmenn 2019
Skipulags- og byggingarmál	6,5	7	6,5	7	6,5	7
Framkvæmda mál	13	13	13	13	13	13
Þjónustumiðstöð	17	17	17	17	17	17
Vatnsveita	5	5	5	5	5	5
Fráveita	4	4	4	4	4	4
Samtals	45,5	46	45,5	46	45,5	46

Hafnarfjarðarhöfn

Tekjur hafnarinnar hafa dregist nokkuð saman á árinu 2020 miðað við forsendur í fjárhagsáætlun ársins, sem rekja má fyrst og fremst til almenns samdráttar í samfélaginu vegna Covid-19 faraldursins. Þannig lagðist aðeins eitt farþegaskip að bryggju þetta sumarið, en áætlaðar voru um 30 skipakomur. Einnig hefur óvissa og samdráttur í rekstri álverksmiðjunnar í Straumsvík og lækkun á álverði haft sitt að segja, auk þess sem lítil sem engin löndun var á uppsjávarfiski á haustmánuðum og karfaveiðar á Reykjaneshrygg voru lakari en undanfarin sumur. Reikna má með að tekjur verði um 10% undir áætlun á árinu 2020, en það er nokkuð minni samdráttur en hjá öðrum helstu höfnum landsins. Helsta skýringin er sú að mjög fjölpætt starfsemi og þjónusta er hjá Hafnarfjarðarhöfn og hrun í komum farþegaskipa hefur því ekki jafnmikið að segja hér og á öðrum stærri höfnum. Auk þess hafa almennir lausaflutningar aukist nokkuð og viðlegunýting hafnarbakka verið góð. Heildartekjur voru áætlaðar liðlega 700 milljónir króna en verða væntanlega um 650 milljónir króna. Launakostnaður hefur aukist milli ára eins og áætlun gerði ráð fyrir, fyrst og fremst vegna nýs starfsmats og nýrra kjarasamninga. Annar rekstrarkostnaður er að mestu í samræmi við áætlun.

Farið var í umtalsverðar endurbætur á hafnsögubátum Þrótti og einnig voru endurbætur á hafnarmannvirkjum í Straumsvík upp á nær fjórða tug milljóna vegna skemmda í óveðri í desember 2019. Sá kostnaður var að langstærstum hluta endurgreiddur af Náttúruhamfaratryggingum Íslands.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 gerir ráð fyrir að heildartekjur hafnarsjóðs verði um 674 milljónir króna. Tekjuáætlun er varfærnisleg, en ekki er gert ráð fyrir neinum tekjum af farþegaskipum á komandi ári. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umferð um hafnarsvæðin verði svipuð og á yfirstandandi ári. Gjaldskrá hafnarinnar mun hækka í takt við verðlag, eða um 2,5% frá 1. janúar 2021. Almenn rekstrarútgjöld hækka lítillega, einkum vegna aukins viðhalds á hafnarmannvirkjum. Afskriftir fastafjármuna verða um 104 milljónir króna og launakostnaður verður um 227 milljónir króna. Rekstrarafkoma ársins er áætluð um 152 milljónir króna, sem er nokkru minni en var á síðastliðnu ári en nálægt því sem reikna má með um afkomu yfirstandandi árs.

Á árinu 2020 var að fullu lokið við frágang á Háabakka framan við Fornubúðir 5, þangað sem Hafrannsóknastofnun flutti starfsemi sína í sumarbyrjun 2020. Rannsóknarskipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson lögðust að Háabakka í sinni nýju heimahöfn í mars 2020. Síðasti áfangi verkefna við Háabakka er smíði trébryggju á útivistarsvæði milli Háabakka og Óseyrarbryggju sem verður lokið nú fyrir vetrarbyrjun. Framkvæmdir vegna rafvæðingar á árinu 2020 við Háabakka og Suðurbakka námu um 30 milljónum króna. Hafnarstjórn hefur samþykkt áætlun um orkuskipti og viðamikla styrkingu á raforku- og landtengingarkerfi Hafnarfjarðarhafnar sem gerir ráð fyrir að auka núverandi afl dreifistöðva við Suðurbakka, Hvaleyrarbakka og í Straumsvík úr 5.489 kVA í 9.100 kVA í fjórum áföngum á næstu fjórum til fimm árum. Heildarkostnaður er áætlaður um 600 milljónir króna. Styrkur vegna orkuskipta fékkst frá umhverfisráðuneyti til 1. áfanga þessa verkefnis upp á 12 milljónir króna.

Helstu verkefni í fjárfestingum og framkvæmdum á árinu 2021 verða tengd orkuskiptum og nýjum og öflugri landtengingum á Hvaleyrarbakka. Það er í samræmi

við Umhverfisstefnu Hafnarfjarðarhafnar og þá aðgerðaráætlun sem hafnarstjórn hefur samþykkt. Á fundi hafnarstjórnar í lok ágúst var umhverfisstefnan yfirfarin fyrir undirbúning fjárhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir komandi ár. Orkuskiptin og LED-lýsing á Suðurböfninni eru sérstaklega tilgreind í þeim efnum.

Á árinu 2021 verður unnið að deiliskipulagsgerð á Flensborgarsvæði og hafist handa við landfyllingar austan við slíppsæðið og einnig fyllingar fyrir nýjan hafnargarð við Hamarshöfn undir Vesturhamri. Stefnt er að því að nýta efni sem fellur til við byggingarframkvæmdir á Óseyrarsvæði í þessar fyllingar. Þá verður einnig unnið að frekari útfærslu og þróun framtíðaruppbyggingar innan Flensborgarhafnar. Útbúið verður nýtt uppsátur og geymslusvæði fyrir smærri báta á svonefndu kerrusvæði norðan við ósinn í Hvaleyrarlóni og haldið áfram endurbótum á Norðurgarði. Einnig er fyrirhugað að endurnýja eldri öryggishlið að Hvaleyrarbakka og vinna við frágang á landfyllingum utan bakkans. Í langtímaáætlun til ársins 2024 er horft til frekari uppbyggingar og þróunar á svæðinu við Flensborgarhöfn og Hamarshöfn auk næstu áfanga í orkuskiptum og öflugri landtengingum við Suðurbakka og í Straumsvík. Stefnt er að því að þeim verkefnum verði að stærstum hluta lokið í lok þessa áætlunartíma.

Rekstraryfirlit:

Hafnarfjarðarhöfn – m.kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Tekjur:			
Samtals tekjur	674	702	619
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	226	216	182
Lífeyrisskuldbinding	18	19	43
Annar rekstrarkostnaður	174	155	127
Afskriftir	104	94	63
Fjármagnsliðir	(1)	(17)	26
Samtals gjöld	523	467	441
Rekstrarniðurstaða	151	235	178

Mannauður:

Hafnarfjarðarhöfn stöðugildi	Fjöldi stöðugilda 2021	Fjöldi starfsm. 2021	Fjöldi stöðugilda 2020	Fjöldi starfsm. 2020	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsm. 2019
Hafnarfjarðarhöfn	13	13	13	13	12	12

Framkvæmdaáætlun 2021

Fjárheimild til framkvæmda árið 2021 er rúmlega 4,3 milljarðar króna. Hluti af þessari upphæð er til frekari uppbyggingar á Suðurlhöfninni, kaupa á félagslegu húsnæði og framkvæmda veitna. Í fjárhagsáætlun 2021 er lögð áhersla á forgangsriðun í grunnþjónustu, svo sem umhverfismálum, íþróttaaðstöðu, samgöngum, fráveitumálum og endurnýjun á Sólvangi og St. Jósefsspítala.

Hafnarfjarðarbær er aðili að samgöngusamningi SSH og ríkisins sem inniber uppbyggingu á samgöngumannvirkjum á höfuðborgarsvæðinu. Á næsta ári er áætlað að gera áætlun fyrir Hafnarfjörð þar sem áhersla verður lögð á umferðaröryggismál og vistvænar samgöngur fyrir íbúa bæjarins. Framkvæmdir við Ásvallabraut milli Skarðshlíðar og Kaldárselsvegar hófst á þessu ári og mun framkvæmdinni ljúka á haustmánuðum 2021. Á þessu ári hófst gatnagerð í nýju íbúðarhverfi í Hamranesi og munu framkvæmdir þar halda áfram á árinu 2021. Farið verður í gerð nýs hringtorgs við Flatahraun við Kaplakrika. Þá verður lokið við gatnaframkvæmdir í Skarðshlíð.

Haldið verður áfram frágangi á nýbyggingarsvæðum víðs vegar um bæinn, svo sem lokum malbikunar og gerð stétta og stíga, til að stuðla að notkun vistvænni samgöngumáta.

Þá verður unnið áfram að gerð gangstétta sem og öðrum frágangs- og umferðaröryggismálum í bænum, sem og endurnýjun eldri leiksvæða.

Miðað er við að tekjur af sölu lóða standi straum af gatnagerð nýrra hverfa. Í vetur verður unnið að því að laga bakkann á Norðurbakka og verður síðan farið í gerð stíga og áningarsvæða á Norðurbakkanum næsta vor.

Sérstakt fjármagn er ætlað til vinnu að ýmsum verkefnum á sviði umhverfismála. Á næsta ári verður haldið áfram að endurnýja gatnalýsingu, er þar átt við LED-væðingu bæjarins. Verkefnið, sem er þegar hafið, mun taka nokkur ár í framkvæmd en á næsta ári verður settur aukinn þungi í það.

Farið verður í verkefni í miðbænum, svo sem portið aftan við Ráðhúsið og lagfæringar við Byggðasafnið. Sérstakt fjármagn verður sett í að auka gróður í hverfum bæjarins, þar sem hugað verður að skjólmyndun og fegrun; átak verður í fegrun Valla.

Síðustu misseri hefur ásókn í uppland Hafnarfjarðar aukist mjög mikið og verður brugðist við því meðal annars með því að stækka bílastæði við gönguleið að Kaldárbotnum og Helgafelli; einnig á að bæta aðgengi við Hvaleyrarvatn. Þá verður sett fjármagn til uppbyggingar á ferðamannastöðum í sveitarfélaginu. Í samvinnu við Hestamannafélagið Sörla verður farið í uppbyggingu á nýjum reiðleiðum.

Á næsta ári verður haldið áfram með lagfæringar í Hraunvallaskóla, en lokafrágangur er á gluggakerfi skólans til að koma í veg fyrir áframhaldandi lekaskemmdir í skólanum. Fjármagn verður sett í skólalóðir og er hafin vinna á úttekum á grunnskólalóðum til að meta þörfina á úrbótum. Á þessu ári var hafin vinna við endurgerð á gamla Sólvangi, jarðhæð eldri Sólvangs var endurgerð á



Þessu ári og gert er ráð fyrir að farið verði í endurgerð á 2.-4. hæð á næsta ári. Einnig verður haldið áfram við endurgerð á gamla St. Jósefsspítala, eða Lífsgæðasetri St. Jó. Á þessu ári var endurnýjað þak Suðurbæjarlaugar og á árinu 2021 er stefnt að frekari endurbótum á aðstöðu laugarinnar.

Framkvæmdum við golfvöllinn Keili á Hvaleyrarholti er að ljúka en miklar endurbætur hafa staðið yfir á svæðinu á undanförunum árum. Framkvæmdir við endurnýjun grasvalla munu hefjast á næsta ári á félagssvæðum FH og Hauka. Starfshópar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar nýrra íþróttamannvirkja hafa skilað af sér skýrslum með þarfagreiningu og kostnaðarmati. Áfram verður unnið í takt við samkomulag sem gert hefur verið milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Knattspyrnufélagsins Hauka og samkomulag milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hestamannafélagsins Sörla. Á næsta ári munu framkvæmdir hefjast á þessum íþróttamannvirkjum ásamt frekari undirbúningi og kostnaðargreiningu í samvinnu við félögin.

Aukin áhersla hefur verið lögð á endurnýjun heimæða vatnsveitunnar, en þar hefur myndast nokkur uppsöfnuð þörf. Byggja þarf nýtt dæluhús við Hvammabraut, en með því mun vatnsþrýstingur í suðurhluta bæjarins aukast umtalsvert. Auk þess gefur dælustöðin möguleika á að auka þrýsting á öðrum svæðum sem hingað til hafa búið við lágan þrýsting. Þá verður farið í endurnýjun á borholudælum og áfram verður haldið með endurnýjun á brunahönum.

Á þessu ári var hafin vinna við endurnýjun á stofnlögn fráveitu við Reykjavíkurveg og verður þeirri vinnu lokið snemma árs 2021. Hafin var vinna við nýtt stofnræsi fráveitu á Völlunum á þessu ári og mun vinna við það ljúka 2021. Við þessa framkvæmd mun kostnaður vegna dælingar á skólpi minnka og lagnakerfið í Völlunum verður sjálfbærara. Einnig verður á árinu 2021 haldið áfram með undirbúning að lagningu stofnræsis frá iðnaðarhverfum í Hellnahrauni og Kapelluhrauni að Hraunavík. Af stærri verkefnum sem fram undan eru má nefna endurnýjun á dælum og búnaði auk þess sem reikna má með auknum kröfum um hreinsun skólps á næstu árum.

Á næsta ári er gert ráð fyrir lántöku að upphæð 500 milljónir króna vegna kaupa á félagslegu húsnæði. Gert er ráð fyrir að verja 500 milljónum króna á ári árin 2021–2024 til kaupa á félagslegum íbúðum, eða samtals fyrir 2.000 milljónir króna.



Fjárfestingar 2021–2024				
Umhverfi og götur	Þriggja ára áætlun			
	2021	2022	2023	2024
	upphæð í m.kr.	upph. í m.kr.	upph. í m.kr.	upph. í m.kr.
Götur				
Gatnaverkefni óskilgreint		400	400	400
Götur				
Ásvallabraut, gatnagerð	450			
Hamranes I, gatnagerð	200			
Skarðshlíð 3. áfangi, gatnagerð	30			
Reykjanesbraut, tvöföldun og tengingar	20			
Malbikun, lok gatnagerðar í Áslandi/Völlum/Skarðshlíð/Selhrauni	100	50	50	50
Hellubraut, breyting á götunni skv. skipulagi	5			
Flatahraun, gatnamót við Krónu	5			
Flatahraun – hringtorg	70			
Kaldárselsvegur – stækkun á stæði	10			
Hvaleyraryratn, vegur	50			
Gönguleiðir/reiðleiðir				
Haldið verður áfram við frágang stétta, umferðaröryggismála og grassvæða á nýbyggingarsvæðunum á Selhrauni, Hellnahrauni, Skarðshlíð, Skipalóni og Völlum	50	40	40	40
Norðurbakki, unnið við frágang á bakkanum og gönguleið	100			
Stéttir, viðs vegar í eldri hverfum og vegna veitna	20			
Undirgöng við Reykdalsvirkjun, handrið	5			
Unnið verður að uppbyggingu vistvænna samgangna, svo sem gerð stíga við stofnbrautir í samvinnu við Vegagerðina og áframhaldandi vinnu við stíg við Kaldárselsveg og fleiri stíga.	10			
Reiðstígar	10			
Annað				
Umferðaröryggisáætlun, framkvæmdir	10			
Hindranir, nýjar og þær sem eru á skipulagi	10			
Gatnalýsing, endurnýjun lýsingar og jólalýsing	200			
Leiðakerfi, biðskýli og stoppistöðvar, nýtt leiðakerfi	5			
Hljóðvistarverkefni, greining á svæðum skv. reglugerð	5			



Samgöngusamningur SSH við ríkið	130	140	150	150
Tækjakaup	30	30	30	30
Óskilgreint í götum og umhverfi	20			
Umhverfi				
Umhverfismál óskilgreint		70	70	70
Miðbær, lagfæringar á gönguleiðum	5			
Víðistaðatún, endurnýjunarverkefni	5			
Byggðasafnið, lagfæringar á fossi	5			
Ráðhúsið, frágangur í porti	15			
Opinleiksvæði, endurgerð	5			
Battavellir – endurnýjun yfirborðs	8			
Umhverfismál, svo sem Kaldárbotnar, Víðistaðatún, Hellisgerð, upplandið, hreinsun og merkingar	30	30	30	30
Grænkun Valla	50			
Hvaleyrarvatn, framkvæmdir samkvæmt skipulagi	20			
Hundagerði	5			
Uppbygging ferðamannasvæða	10			
Seltún, mótframlag vegna styrks	5			
Fasteignir	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Fasteignaverkefni óskilgreint		270	570	570
Skólar				
Hraunvallaskóli, lagfæringar	20			
Skólalóðir, endurgerð skóla og leikskóla	30	30	30	30
Menntasetrið við lækinn	7			
Íþróttafélög		800	800	800
Uppbygging íþróttamannvirkja	150			
Grasvellir, endurnýjun og önnur útiaðstaða og öryggismál	200			
Keilir, samningur	19			
Sundlaugar, íþróttahús og búsetukjarnar				
Suðurbæjarlaug, endurgerð	100			
St. Jósefsspítali – endurgerð	280			
Sólvangur – endurgerð gamla Sólvangs	250			
Annað				
SORPA – stofnframlag	65			
Aðgengismál	5			
Öryggismyndavélar, aðrar stofnanir/opin svæði	10			
Stofnbúnaður	30	30	30	30
Óskilgreint í húsnæði	20			



Veitur	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Vatnsveita		150	150	620
Endurgerð heimæða Vatnsveitu	60			
Vatnsveita, nýtt vatnsból – undirbúningur	20			
Dæluhús við kirkjugarð	50			
Stjórnkerfi og öryggismál	15			
Endurnýjun á borholudælum Kaldárbotnum	10			
Endurnýjun brunahana	15			
Endurnýjun vatnsnotkunarmæla	2			
Fráveita		500	500	200
Endurgerð heimæða fráveitu	35			
Fóðranir og lagfæringar á fráveitulögnum	10			
Nýtt stofnræsi fráveitu á Völlunum	175			
Stofnræsi frá atvinnusvæðum	20			
Lagfæringar á húsnæði og búnaði fráveitu	20			
Dælur og búnaður í Krosseyri – 3 stk.	25			
Útrásardælur í Hraunavík – 3 stk.				
Pressusniglar með uppsetningu	20			
Dæluhús við Búðarhelli/Borgarhelli	25			
Fráveitulögn við Reykjavíkurveg	25			
Annað	13			
Hússnæðisskrifstofa	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi í fjárfestingum að fjárhæð kr. 500 milljónir til fjárfestingar í kerfinu.	500	500	500	500
Skipulagsvinna	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Verkefni sjá greinargerð undir 2.10 Skipulags- og byggingarmál	84	86	85	85
Hafnarsjóður	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Uppbygging á Suðurhöfn	265	230	250	250
Samtals	4.283	3.356	3.685	3.855
A-sjóður	2.978	1.976	2.285	2.285
B-sjóður	1.305	1.380	1.400	1.570

